# Ársskýrsla 2006




ab mjólk
ab
mjólk
kakómjólk
Létt
Kakó
1%
JÓGURT
JÓGURT
Fjör
mjólk
DRYKKUR
1 lítri
Undanrenna
0,1%
1 lítri
Sýrður
10%
1 lítri
1 lítri
Undanrenna
0,1%
Léttmjólk
1,5%
Nýmjólk
3,9%




Þann 1. janúar 2007 tóku MS/Auðhumla svf. og Mjólkursamsalan ehf. við hlutverki MS svf. Í þessari ársskýrslu er birtur ársreikningur samstæðu MS svf. fyrir árið 2006 og starfsemi ársins rakin, auk þess sem skipulag nýju félaganna er kynnt.

## Efnisyfirlit


Ávarp stjórnarformanns ........ 2
Ávarp forstjóra ........ 4
Fulltrúar deilda og stjórn MS ........ 6
Mjólkursamsalan ........ 8
Rekstrarumhverfi ........ 10
- Verðstöðvun á mjólk og mjólkurvörur
- Þróunin á smásölumarkaðinum

Starfsemi MS 2006 ........ 11
- Sala á mjólkurvörum
- Skipulagsbreytingar og skarpari áherslur
- Vöruþróun og nýjungar
- Ostar og smjör
- Umbúðaþróun
- Útflutningur
- Öflugt markaðsstarf
- Markaðsnefndin skilar af sér
- Skólamjólk
- Ímyndarmál
- Innvigtun
- Flutningur á mjólk
- Nýjar aðstæður í rekstri

Tölulegar upplýsingar ........ 17
- Mjólkurkvóti

Dótturfélög ........ 20
- Emmessís hf.
- Samsöluvörur hf.
- Agrice ehf.
- Merkiland ehf.
- Remfló ehf.

Afkoma 2006 ........ 22
Ársreikningur samstæðu 2006 ........ 23
Áritanir ........ 25
Rekstrarreikningur ........ 27
Efnahagsreikningur ........ 28
Sjóðstreymi ........ 30
Skýringar ........ 31



Útgefandi: MS Auðhumla, Austurvegi 65, 800 Selfossi
Umsjón: Baldur Jónsson, Mjólkursamsölunni
Ritstjórn og umbrot: Tunglið – auglýsingastofa ehf.
Ljósmyndir af stjórnendum og stjórn: Lárus Karl Ingason
Ljósmyndir á kápu: Thorsten Henn (skápur frá Eirvík)
Prentun: Oddi



Magnús H. Sigurðsson
stjórnarformaður

# Öflugt félag til framtíðar

Það hefur legið ljóst fyrir um nokkurra ára skeið að íslenskir bændur þyrftu að búa sig undir aukna samkeppni erlendis frá. Til allrar hamingju báru þeir gæfu til þess að huga í tíma að hagræðingu og búa sig undir breytingar. Undanfarinn áratugur hefur því einkennst af endurskipulagningu í mjólkuriðnaði á Íslandi.

Mikilvægustu skrefin sem stigin hafa verið í átt til hagræðingar eru stækkun búa og afurðastöðva. Það var ljóst þegar Mjólkursamsalan í Reykjavík og Mjólkurbú Flóamanna sameinuðust fyrir tveimur árum að enn mætti stíga nokkur skref í átt til frekari hagræðingar. Með þeim breytingum sem áttu sér stað á síðasta ári við sameiningu MS og Auðhumlu í eitt félag, MS/Auðhumlu, og stofnun rekstrarfélagsins Mjólkursamsölunnar ehf. hefur verið stigið eitt mikilvægasta skrefið í því að tryggja hag íslenskra mjólkurframleiðenda með öflugu félagi sem hefur sterka markaðslega stöðu.

Með stofnun Mjólkursamsölunnar ehf. er í raun verið að setja formlega umgjörð um það samstarf sem hefur verið í mjólkuriðnaði um áratugi og stíga skrefið til fulls í þeirri samvinnu sem var þegar fyrir hendi milli afurðastöðvanna. Með þessu skrefi gefst einstakt tækifæri til þess að endurskipuleggja allan mjólkuriðnaðinn og ná fram verulegri einföldun í starfseminni um land allt.

Íslenskur mjólkuriðnaður er undanþeginn samkeppnislögum en sú undanþága er trúlega tímabundin. Þá eru líkur á því að tollar á mjólkurafurðum lækki á næstu árum. Með þeim breytingum sem nú hafa átt sér stað verður iðnaðurinn, ásamt mjólkurframleiðendum, betur undir það búinn að mæta aukinni samkeppni.

Sérstaða mjólkuriðnaðarins á Íslandi felst ekki eingöngu í því að hann er undanþeginn samkeppnislögum heldur liggur hún einnig í því að greinin sjálf stýrir ekki verðlagningu nema að litlu leyti. Verðlagsnefnd búvöru ákvarðar verðhækkanir á meirihluta afurðanna og sú hefð hefur skapast að iðnaðurinn hækkar ekki verð á öðrum vörum umfram þær hækkanir sem nefndin ákvarðar. Í raun eru það fulltrúar neytenda og hins opinbera sem fara með meirihluta í nefndinni. Það er því verðlagsnefndin sem ákveður verð á mjólkurafurðum og greiðslur til framleiðenda.

Eins og fram hefur komið ákvað mjólkuriðnaðurinn í október sl. að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum myndi ekki hækka í 12 mánuði. Þá hafði þegar ríkt verðstöðvun á þessum vörum í eitt ár. Með áframhaldandi verðstöðvun koma mjólkuriðnaðurinn og mjólkurframleiðendur enn frekar til móts við stjórnvöld í viðleitni þeirra til að lækka matarverð hér á landi. Á síðustu árum hefur mjólkuriðnaðurinn tekið á sig umtalsverðan kostnað og þannig komið í veg fyrir verulega hækkun á mjólkurvörum sem sést vel á því að á undanförnum 15 árum hefur vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur ekki hækkað nema um 36% meðan neysluvísitalan hefur hækkað um 83%.

Þegar allt þetta er haft í huga er ljóst hve mikilvægt er að unnið verði hratt og markvisst að frekari hagræðingu. Nú er gott tækifæri til þess að endurskipuleggja mjólkuriðnaðinn, ná fram hagræðingu sem skilar sér til neytenda og bænda, og búa í haginn fyrir aukna samkeppni og þátttöku á alþjóðlegum markaðssvæðum. Með stofnun Mjólkursamsölunnar verður unnt að

stýra framleiðslu mjólkurvara mun betur en áður og auka sérhæfingu afurðastöðvanna enn frekar. Stofnun rekstrarfélagsins skapar möguleika á að reisa nýja og glæsilega dreifingarmiðstöð fyrir kældar mjólkurvörur fyrir höfuðborgarsvæðið og nágrenni, en á móti kemur sala á núverandi húsnæði Osta- og smjörsölunnar og MS í Reykjavík. Auk þess mun ein sölu- og markaðsskrifstofa sjá um allan mjólkuriðnaðinn.

Um áramótin urðu þær breytingar að öll starfsemi Osta- og smjörsölunnar fluttist inn í nýja rekstrarfélagið. Vöruþróun og markaðsmál voru jafnan í öndvegi hjá fyrirtækinu og má hiklaust segja að með mörgum af þeim nýjungum sem staðið var að hafi verið unnið mikilvægt brautryðjandastarf. Þá var gengið frá kaupunum á Mjólkursamlaginu á Ísafirði þann 1. desember síðastliðinn.

Hagræðingin sem fæst með stofnun Mjólkursamsölunnar er ein forsenda þess að unnt sé að ná því markmiði að lækka verð til neytenda. Gert er ráð fyrir að hagræðingin skili sér í hundraða milljóna króna sparnaði á ársgrundvelli þegar breytingarnar verða að fullu komnar til framkvæmda.

MS/Auðhumla og KS verða áfram félög framleiðenda, félagslegur vettvangur bænda og móttakendur mjólkur, en rekstrarfélaginu verður falið að sjá um alla vinnslu og dreifingu. Mörg ögrandi verkefni bíða á næstunni og verður ekki annað sagt en framtíðarhorfur í mjólkuriðnaðinum séu á ýmsan hátt vænlegar.

Söluþróunin hefur verið mjög ánægjuleg á undanförnum árum og framleiðsla síðasta árs var rúmlega 117 milljónir lítra. Greiðslumark yfirstandandi verðlagsárs er 116 milljónir lítra og nemur aukningin á síðastliðnum tveimur árum 10 milljónum lítra. Þessa aukningu eigum við að þakka öflugu vöruþróunar- og markaðsstarfi mjólkuriðnaðarins. Þá hefur Mjólkursamsalan ákveðið að greiða fullt afurðastöðvaverð fyrir mjólk umfram greiðslumark á yfirstandandi verðlagsári. Nú lítur út fyrir að birgðastaðan sé að komast í eðlilegt horf enda hefur innvigtun ekki verið meiri í mörg ár.

Gæði íslenskra mjólkurafurða hafa vakið athygli víða um heim og það er mikilvægt að Mjólkursamsalan nýti þau tækifæri erlendis, aðallega í Bandaríkjunum og Færeyjum, sem gefast til frekari markaðsöflunar fyrir íslenska bændur.

En til að framfarir verði í mjólkuriðnaði þarf afkoma mjólkurframleiðenda að vera viðunandi og starfsskilyrði þeirra trygg. Það eru hagsmunir þeirra að sem stærstur hluti afurðaverðsins skili sér í sanngjörnu mjólkurverði og því er samstaða um þá meginstefnu að iðnaðurinn kappkosti að draga úr framleiðslu- og dreifingarkostnaði. Þeirra hagur er að standa að stóru og öflugu mjólkurfélagi sem hefur sterka markaðslega stöðu.

Magnús H. Sigurðsson
stjórnarformaður





Guðbrandur Sigurðsson
forstjóri

# Mjólkuriðnaður á krossgötum

Óhætt er að segja að íslenskur mjólkuriðnaður standi á krossgötum. Á árinu 2006 náðist sátt um mikilvægar skipulagsbreytingar í mjólkuriðnaði sem eru til þess fallnar að hagræða og lækka kostnað við vinnslu og dreifingu mjólkurafurða til hagsbóta fyrir bændur og neytendur í landinu.

Á aðalfundi MS á síðasta ári voru tilkynntar mikilvægar breytingar á rekstri félagsins. Þar var um að ræða ákvörðun um að leggja niður mjólkurstöðina í Reykjavík og flytja alla mjólkurpökkun á Selfoss. Stefnt er að því að þessi breyting verði að fullu komin til framkvæmda á árinu 2008.

Ég tel að þessi stóra ákvörðun, snemma á síðasta ári, hafi orðið til þess að forsvarsmenn mjólkuriðnaðarins fóru að skoða hvort ekki mætti nota tækifærið til að hagræða enn frekar innan iðnaðarins. Þær þreifingar urðu svo til þess að ákvörðun var tekin síðastliðið haust um að iðnaðurinn sameinaðist um stofnun rekstrarfélags og hlaut það hið gamalgróna nafn Mjólkursamsalan.

## Mjólkursamsalan ehf.

Hlutverk Mjólkursamsölunnar er vinnsla og dreifing afurða aðildarfélaganna. Fyrirtækið mun sjá um framleiðslu, pökkun, markaðssetningu, sölu og dreifingu mjólkurafurða fyrir MS, Norðurmjólk, Kaupfélag Skagfirðinga og Osta- og smjörsöluna.

Ég bind miklar vonir við starfsemi Mjólkursamsölunnar sem verður eitt stærsta matvælafyrirtæki landsins. Strax í byrjun náðum við aukinni hagræðingu í yfirstjórn og skrifstofuhaldi en allt skrifstofuhald á vegum félagsins var sameinað á einn stað á aðalskrifstofu félagsins í Reykjavík. Þá er verið að sameina á einn stað það sölu- og markaðsstarf sem áður var unnið á vegum MS, Osta- og smjörsölunnar, Norðurmjólkur og Markaðsnefndar mjólkuriðnaðarins. Í framhaldinu verður svo stefnt að því að sameina alla dreifingu.

Á framleiðslusviðinu er verið að skoða hvernig best sé að standa að framtíðarskipulagi á framleiðslu félagsins með það fyrir augum að draga úr kostnaði eins og kostur er. Sama starf er einnig unnið á sölu- og markaðssviði félagsins. Reynt verður að sérhæfa mjólkurbúin eins og kostur er og draga þannig úr vinnslukostnaði.

## Matvælaverðlag á Íslandi

Á árinu 2006 var mjög áberandi umræða um matvælaverð sem má rekja til samnorrænnar skýrslu um matvælaverðlag á Norðurlöndum í samanburði við Evrópusambandslöndin gömlu og skýrslu hagstofustjóra um matvælaverðlag. Í framhaldinu lagði ríkisstjórnin fram margþættar tillögur til lækkunar á matarverði þar sem markverðast er að virðisaukaskattur á matvælum er lækkaður í 7%, innflutningskvótar fyrir kjöt og mjólkurafurðir frá Evrópusambandinu eru rýmkaðir og tollar á kjöti og kjötvörum eru lækkaðir um 40%.

Markmið ríkisstjórnarinnar er að matarvísitalan á Íslandi verði sem næst meðalverði matvæla á Norðurlöndum sem þýðir að verðlag á mjólkurafurðum þyrfti að lækka um sem svarar 15% frá núverandi verðlagi. Framlag mjólkuriðnaðarins í því verkefni að ná niður matvælaverði á Íslandi var 12 mánaða verðstöðvun sem var tilkynnt í október síðastliðnum. Hækkunarþörf mjólkuriðnaðarins var á þessum tíma um 6% þannig að verðstöðvun þessi kostar mjólkuriðnaðinn milli 700 og 800 milljónir króna á ársgrundvelli.

Verðvísitala mjólkurafurða á árinu 2005 var 146,5 í samanburði við vísitöluna 100 fyrir Evrópulöndin 15 sem eru í samanburðinum. Að öllu óbreyttu ætti útspil iðnaðarins og lækkun virðisaukaskatts úr 14% í 7% að skila íslenskum neytendum um 17% lækkun á mjólkurvörum þannig að vísitalan árið 2007 ætti að vera 121,2. Þetta útspil iðnaðarins verður hins vegar ekki sársaukalaust og má gera ráð fyrir nokkrum halla á rekstri Mjólkursamsölunnar fyrstu tvö rekstrarárin eða þangað til sú hagræðing sem er möguleg fer að skila sér í rekstri félagsins.

## MS/Auðhumla

Í lok árs var samþykkt af fulltrúaráðsfundi MS og félagsfundi Auðhumlu að félögin myndu sameinast undir nafninu MS/Auðhumla hinn 1. janúar 2007. Ljóst er að með tilkomu Mjólkursamsölunnar breytist starfsemi MS/Auðhumlu verulega. Hlutverk félagsins verður einkum þríþætt.

Í fyrsta lagi ýmiss konar fjármálastarfsemi sem tengist ávöxtun á fjármunum félagsins og eignarhaldi í öðrum félögum.

Í annan stað rekur félagið umfangsmikla fasteignastarfsemi í öllum landsfjórðungum þar sem MS/Auðhumla leigir Mjólkursamsölunni og ýmsum öðrum aðilum fasteignir.

Síðast en ekki síst er það félagsleg starfsemi sem beinist að félagsmönnum þess. Bændur á svæði MS/Auðhumlu gerast þar félagsmenn og leggja sína mjólk inn hjá því félagi. Þannig heldur MS/Auðhumla áfram að vera samvinnufélag á viðskiptalegum grunni.

Guðlaugur Björgvinsson er framkvæmdastjóri fjármála og fjárfestinga hjá MS/Auðhumlu. Honum til aðstoðar er Gunnar Jónsson skrifstofustjóri. Birgir Guðmundsson er framkvæmdastjóri fasteignaumsýslu auk þess sem hann sinnir ýmsum sérverkefnum.

## Verkefnin framundan

Eins og gefur að skilja eru framundan mikil verkefni bæði hjá MS/Auðhumlu og Mjólkursamsölunni. Verkefnin eru á margan hátt ólík og verður það viðfangsefni stjórnar og stjórnenda félagsins að takast á við þessi verkefni og móta stefnu fyrir félagið til framtíðar.

Mikilvægasta verkefni Mjólkursamsölunnar er samþætting þeirra verkefna sem hafa verið hjá félögunum þremur sem runnu inn í Mjólkursamsöluna. Þar er einnig mjög mikilvægt að vinna hratt og örugglega að því að endurskipuleggja reksturinn til að hægt sé að ná fram þeirri hagræðingu sem er möguleg í kerfinu.

Hjá MS/Auðhumlu eru einnig stór verkefni framundan. Félagið er mjög sterkt eignarlega og mikilvægt að vel takist að ávaxta þá fjármuni sem þar eru. Mjög áhugavert er að selja núverandi eignir félagsins við Bitruháls og sameina alla sölu- og dreifingarstarfsemi Mjólkursamsölunnar undir einu þaki á nýjum stað. Takist þetta mun félagið losa um töluverða fjármuni sem verður hægt að setja í virka ávöxtun.

Guðbrandur Sigurðsson
forstjóri



# Fulltrúar deilda MS/Auðhumlu svf.

á aðalfundi 16. mars 2007

## Austurlandsdeild

**Aðalfulltrúar:**
Gunnar Jónsson, Egilsstöðum
Jóhann Gísli Jóhannsson, Breiðavaði I
Jón Steinar Elísson, Hallfreðarstöðum II
Halldór Sigurðsson, Hjartarstöðum I
**Varafulltrúar:**
Björgvin Gunnarsson, Núpi
Jón Júlíusson, Mýrum
Sæmundur Guðmundsson, Gíslastöðum
Gunnlaugur Ingólfsson, Innri-Kleif

## Austur-Skaftafellsdeild

**Aðalfulltrúar:**
Eiríkur Egilsson, Seljavöllum
Steinþór Torfason, Hala
**Varafulltrúar:**
Sæmundur Jón Jónsson, Árbæ
Björn Ísleifur Björnsson, Hestgerði

## Skaftárdeild

**Aðalfulltrúar:**
Ólafur Helgason, Hraunkoti
Jóhannes Gissurarson, Herjólfsstöðum
Kjartan Magnússon, Fagurhlíð
**Varafulltrúar:**
Ágúst Dalkvist, Eystra-Hrauni
Jón Jónsson, Prestbakka
Bergur Helgason, Kálfafelli
Þórarinn Bjarnason, Þykkvabæ

## Mýrdalsdeild

**Aðalfulltrúar:**
Sigurjón Eyjólfsson, Pétursey I
Grétar Einarsson, Þórisholti
**Varafulltrúar:**
Atli Rafn Hróbjartsson, Brekkum I
Sævar Halldórsson, Brekkum III

## Eyjafjalladeild

**Aðalfulltrúar:**
Sigurður G. Ottósson, Ásólfsskála
Sigurlaug Leifsdóttir, Nýjabæ
Ármann F. Magnússon, Hrútafelli
**Varafulltrúar:**
Ásgeir Árnason, Stóru-Mörk
Ólafur Eggertsson, Þorvaldseyri

## Landeyjadeild

**Aðalfulltrúar:**
Hlynur Theodórsson, Voðmúlastöðum
Jóhann Nikulásson, Stóru-Hildisey II
Elvar Eyvindsson, Skíðbakka II
Silja Ágústsdóttir, Hólmum
**Varafulltrúar:**
Bertha G. Kvaran, Miðhjáleigu
Sævar Einarsson, Stíflu
Sólveig Eysteinsdóttir, Kanastöðum
Guðni Ragnarsson, Guðnastöðum

## Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild

**Aðalfulltrúar:**
Birkir A. Tómasson, Móeiðarhvoli II
Eggert Pálsson, Kirkjulæk
Ómar Helgason, Lambhaga
**Varafulltrúar:**
Árni Valdimarsson, Akri
Þórir Jónsson, Selalæk
Bjarni Jónsson, Selalæk

## Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild

**Aðalfulltrúar:**
Sigurjón Hjaltason, Raftholti
Hannes Ólafsson, Austvaðsholti
Ágúst Sæmundsson, Bjólu
**Varafulltrúar:**
Daníel Magnússon, Akbraut
Kjartan Magnússon, Hjallanesi

## Biskupstungna-, Laugardals- og Grímsnesdeild

**Aðalfulltrúar:**
Benedikt Gústavsson, Miðengi
Gunnar Sverrisson, Hrosshaga
Sigurfinnur Vilmundarson, Efsta-Dal
**Varafulltrúar:**
Jórunn Svavarsdóttir, Drumboddsstöðum
Guðný Grímsdóttir, Ketilvöllum
Egill Jónasson, Hjarðarlandi

## Skeiða- og Gnúpverjadeild

**Aðalfulltrúar:**
Arnar Bjarni Eiríksson, Gunnbjarnarholti
Haukur Haraldsson, Stóru-Mástungu
Jón Vilmundarson, Skeiðháholti
Birna Þorsteinsdóttir, Reykjum
**Varafulltrúar:**
Ásmundur Lárusson, Norðurgarði
Guðmundur Sigurðsson, Reykhól
Bjarni Ó. Valdimarsson, Fjalli

## Hrunamannadeild

**Aðalfulltrúar:**
Jón Viðar Finnsson, Dalbæ
Páll Jóhannsson, Núpstúni
Esther Guðjónsdóttir, Sólheimum
**Varafulltrúar:**
Sigurður Ágústsson, Birtingaholti IV
Sigurjón Sigurðsson, Kotlaugum
Samúel U. Eyjólfsson, Bryðjuholti

## Gaulverjabæjar-, Villingaholts- og Stokkseyrardeild

**Aðalfulltrúar:**
Björn Harðarson, Holti
Aðalsteinn Sveinsson, Kolsholti
Valdimar Guðjónsson, Gaulverjabæ
**Varafulltrúar:**
Brynjólfur Jóhannsson, Kolsholtshelli
Reynir Jónsson, Hurðarbaki

## Hraungerðis-, Sandvíkur- og Ölfusdeild

**Aðalfulltrúar:**
María Hauksdóttir, Geirakoti
Skeggi Gunnarsson, Skeggjastöðum
Pétur Guðmundsson, Hvammi
**Varafulltrúar:**
Gísli Hauksson, Stóru-Reykjum
Þormóður Ólafsson, Hjálmholti

## Hvalfjarðardeild

**Aðalfulltrúar:**
Jóhanna Hreinsdóttir, Káraneskoti
Haraldur Magnússon, Belgsholti
Magnús Hannesson, Eystri-Leirárgörðum
**Varafulltrúar:**
Helgi Bergþórsson, Eystra-Súlunesi
Ásthildur Skjaldardóttir, Bakka
Finnur Pétursson, Káranesi II

## Borgarfjarðardeild

**Aðalfulltrúar:**
Jón Gíslason, Lundi I
Birna Hauksdóttir, Skáney
Guðmundur Þorsteinsson, Skálpastöðum
**Varafulltrúar:**
Þorvaldur Jónsson, Brekkukoti
Snorri Sigurðsson, Hvanneyri
Guðni Eðvarðsson, Brautartungu

## Mýrasýsludeild

**Aðalfulltrúar:**
Pétur Diðriksson, Helgavatni
Sigbjörn Björnsson, Lundum II
Þorkell Guðbrandsson, Mel
Guðrún Sigurjónsdóttir, Glitstöðum
**Varafulltrúar:**
Þórólfur Sveinsson, Ferjubakka
Reynir Gunnarsson, Leirulækjarseli II
Vilhjálmur Diðriksson, Helgavatni

## Snæfellsnesdeild

**Aðalfulltrúar:**
Laufey Bjarnadóttir, Stakkhamri
Jón Svavar Þórðarson, Ölkeldu III
Þröstur Aðalbjarnarson, Stakkhamri
**Varafulltrúar:**
Guðný Jakobsdóttir, Syðri-Knarrartungu
Guðbjartur Gunnarsson, Hjarðarfelli

## Breiðafjarðardeild

**Aðalfulltrúar:**
Jóhannes Eyberg Ragnarsson, Hraunhálsi
Gústaf Jökull Ólafsson, Miðjanesi
Þorgrímur Guðbjartsson, Erpsstöðum
Bára Sigurðardóttir, Lyngbrekku
Hörður Grímsson, Tindum
Árni Brynjólfsson, Vöðlum
Sigmundur H. Sigmundsson, Látrum
**Varafulltrúar:**
Guðmundur Pálmason, Kvennabrekku
Erla Reynisdóttir, Mýrartungu
Ása Björg Stefánsdóttir, Árbæ
Bára Smáradóttir, Gróustöðum
Helga Guðmundsdóttir, Erpsstöðum
Björn Birkisson, Botni II

## Vestur-Húnaþingsdeild

**Aðalfulltrúar:**
Skúli Einarsson, Tannstaðabakka
Guðný Helga Björnsdóttir, Bessastöðum
Pétur Sigurvaldason, Neðri-Torfustöðum
**Varafulltrúar:**
Friðrik Böðvarsson, Syðsta-Ósi
Gísli Magnússon, Staðarbakka II
Sigtryggur Sigurvaldason, Litlu-Ásgeirsá

## Austur-Húnaþingsdeild

**Aðalfulltrúar:**
Magnús R. Sigurðsson, Hnjúki
Jóhannes Torfason, Torfalæk II
Gróa Lárusdóttir, Brúsastöðum
Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli
**Varafulltrúar:**
Björn Magnússon, Hólabaki
Pétur Pétursson, Hólabæ
Þorsteinn Jóhannsson, Auðólfsstöðum
Haraldur Kristinsson, Grund

Alls 67 fulltrúar, en atkvæðisrétt hafa 66 fulltrúar.
Hörður Grímsson, Breiðafjarðardeild, hefur réttindi og skyldur fulltrúa án atkv.réttar.

Þegar ársskýrslan fór í prentun, lá ekki fyrir skrá yfir fulltrúa Norðausturdeildar.

# Stjórn MS 2006

**Formaður**
Magnús H. Sigurðsson, Birtingaholti

**Varaformaður**
Bjarni Jónsson, Selalæk

**Ritari**
Guðmundur Þorsteinsson, Skálpastöðum

**Meðstjórnendur**
Egill Sigurðsson, Berustöðum
Haraldur Þórarinsson, Laugardælum
Helgi Bergþórsson, Eystra-Súlunesi
Hörður Grímsson, Tindum

**Varamenn**
Elvar Eyvindsson, Skíðbakka
Arnar B. Eiríksson, Gunnbjarnarholti
Magnús R. Sigurðsson, Hnjúki
Pétur Diðriksson, Helgavatni

**Skoðunarmenn**
Guðrún Sigurjónsdóttir, Glitstöðum
Gunnar Sverrisson, Hrosshaga

**Varaskoðunarmaður**
Vilhjálmur Eiríksson, Hlemmiskeiði
Magnús Hannesson, Eystri-Leirárgörðum

**Forstjóri**
Guðbrandur Sigurðsson



# Mjólkursamsalan

Þann 1. janúar 2007 hóf Mjólkursamsalan ehf. starfsemi sína. Hlutverk fyrirtækisins er að sjá um alla móttöku, framleiðslu, pökkun, markaðssetningu, sölu og dreifingu mjólkurafurða. Mjólkursamsalan ehf. er rekstrarfélag í eigu MS/Auðhumlu sem á 85% eignarhlut og Kaupfélags Skagfirðinga sem á 15% í fyrirtækinu. Osta- og smjörsalan var í eigu framangreindra fyrirtækja og fluttist starfsemi hennar inn í nýja rekstrarfélagið. Með stofnun Mjólkursamsölunnar verður töluverð breyting og mikil hagræðing í íslenskum mjólkuriðnaði sem kemur bæði neytendum og bændum til góða.

Allir starfsmenn MS, Norðurmjólkur og Osta- og smjörsölunnar færðust yfir til Mjólkursamsölunnar sem og réttindi þeirra og skyldur.

Hátt á fimmta hundrað manns starfa hjá Mjólkursamsölunni. Eigendur fyrirtækisins eru 760 bændur og fjölskyldur þeirra.

Formaður stjórnar Mjólkursamsölunnar ehf. er Magnús H. Sigurðsson, Birtingaholti, varaformaður er Þórólfur Gíslason, Sauðárkróki og ritari er Jóhannes Ævar Jónsson, Espihóli. Meðstjórnendur eru Egill Sigurðsson, Berustöðum 2 og Guðmundur Þorsteinsson, Skálpastöðum. Varamenn sem sitja alla fundi og hafa tillögurétt eru Rögnvaldur Ólafsson, Flugumýrarhvammi, Atli Friðbjarnarson, Hóli og Arnar Bjarni Eiríksson, Gunnbjarnarholti.

Þegar gengið var frá skipulagi Mjólkursamsölunnar var tvennt haft að leiðarljósi: einfaldleiki og skilvirkni. Félagið samanstendur af fjórum sviðum sem eru: Fjármálasvið, Framleiðslusvið, Sölu- og markaðssvið og Viðskipta- og þróunarsvið.

Guðbrandur Sigurðsson er forstjóri Mjólkursamsölunnar en hann er einnig forstjóri MS/Auðhumlu.

Magnús Ólafsson er aðstoðarforstjóri og sinnir hann yfirfærslu verkefna frá Osta- og smjörsölunni til Mjólkursamsölunnar ehf. auk þess sem hann sinnir sérstaklega framleiðslumálum félagsins.

Fjármálasviðið heyrir beint undir forstjóra og er því skipt í þrennt, þ.e. almennt skrifstofuhald, upplýsingatækni og starfsmannamál. Mikilvægustu verkefnin á Fjármálasviði eru innleiðing nýs upplýsingakerfis og einföldun á öllu því sem tengist starfsemi sviðsins.

Framkvæmdastjóri Framleiðslusviðs er Pálmi Vilhjálmsson og undir sviðið heyra öll mjólkurbúin og sú framleiðsla sem er á vegum félagsins í Reykjavík. Mikilvægustu verkefnin á þessu sviði eru endurskipulagning framleiðslunnar og innleiðing framleiðslukerfa sem verða samþætt upplýsingakerfi félagsins.

Framkvæmdastjóri Sölu- og markaðssviðs er Jón Axel Pétursson. Eins og nafnið gefur til kynna eru aðalverkefni þessa sviðs sölu- og markaðsmál auk þess sem tiltekt og dreifing fellur undir starfsemi þess. Mikilvægustu verkefnin á þessu sviði eru samþætting á sölu- og markaðsstarfi MS og Osta- og smjörsölunnar.

Framkvæmdastjóri Viðskipta- og þróunarsviðs er Einar Matthíasson. Undir þetta svið falla þróunarmál félagsins, þ.e. vöruþróun, tækniþróun og viðskiptaþróun. Þá falla gæða- og umhverfismál einnig undir þetta svið, sem og neytendamál og starfsemi Agrice. Helstu verkefnin á þessu sviði eru eftir sem áður vöruþróun og viðskiptaþróun sem felst í því að leita nýrra viðskiptatækifæra til hagsbóta fyrir félagið. Þá verður sérstök áhersla lögð á útflutning íslenskra mjólkurafurða á þessu ári.


Stjórn
MS Auðhumlu svf.
Forstjóri
Guðbrandur Sigurðsson
Fjármjál
og fjárfestingar
Guðlaugur Björgvinsson
Fasteignir
Birgir Guðmundsson
- Mjólkursamsalan ehf 85%
- Emmessís hf 100%
- Samsöluvörur ehf 100%
- Merkiland ehf 100%
- Remfló ehf 100%
- Agrice ehf 68%
- Hollt og gott ehf 50%
- Fóðurblandan hf 15%
- Selfoss
- Reykjavík
- Búðardalur
- Ísafjörður
- Blönduós
- Akureyri
- Egilsstaðir
Stjórn Mjólkursamsölunnar ehf.
Forstjóri
Guðbrandur Sigurðsson
Aðstoðarforstjóri
Magnús Ólafsson
Fjármál
Guðbrandur Sigurðsson
- Fjármál og áætlanagerð
- Fjárreiður og innheimta
- Bókhald
- Launabókhald
- Bændabókhald
- Upplýsingamál
- Símvarsla
- Starfsmannamál
Framleiðsla
Pálmi Vilhjálmsson
- Framleiðslustýring
- Flutningar
- Innkaup
- Mjólkureftirlit RM
- Bændasamskipti
- Mjólkurbúin
Sölu- og
markaðsmál
Jón Axel Pétursson
- Sala
- Markaðsmál
- Tiltekt og dreifing
Viðskipta-
og þróunarsvið
Einar Matthíasson
- Gæða- og umhverfismál
- Vöru- og tækniþróun
- Viðskiptaþróun
- Neytendamál og hollusta
- Agrice ehf.

# Rekstrarumhverfi

## Verðstöðvun á mjólk og mjólkurvörur

Mjólkuriðnaðurinn ákvað í október 2006 að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum myndi ekki hækka í 12 mánuði. Þá hafði verð á þessum vörum ekki hækkað í heilt ár. Þessi verðstöðvun er framlag mjólkuriðnaðarins og mjólkurframleiðenda til lækkunar matarverðs hér á landi.

Mjólkuriðnaðurinn hefur á undanförnum árum lyft grettistaki með hagræðingu hjá mjólkurbændum og vinnslustöðvum og þannig hefur tekist að lækka verð á mjólkurafurðum til neytenda. Um síðustu áramót var stórt skref stigið í þessa átt með stofnun Mjólkursamsölunnar, rekstrarfélags mjólkuriðnaðarins í landinu. Stofnun Mjólkursamsölunnar fylgir mikil hagræðing sem kemur bæði neytendum og bændum til góða.

Í samvinnu við stjórnvöld og fulltrúa neytenda hefur mjólkuriðnaðurinn unnið markvisst að hagræðingu í framleiðslu og dreifingu mjólkur, til að tryggja neytendum hagstætt verð. Í kjölfar þjóðarsáttarsamninganna var gerð hagræðingarkrafa til mjólkuriðnaðarins og mjólkurframleiðenda. Góð viðbrögð þessara aðila, mikil vinna og tæknivæðing voru forsendur þess að unnt var að halda mjólkurverði óbreyttu í fimm ár.

Mjólkuriðnaðurinn hefur það að leiðarljósi að gæta hagsmuna mjólkurframleiðenda og neytenda.

## Þróunin á smásölumarkaðinum

Á undanförnum 5 árum hafa orðið miklar breytingar á smásölumarkaði. Þær einkennast af því að neytendur virðast í auknum mæli kjósa að kaupa sínar nauðsynjar í verslunum þar sem verð er lágt en leggja minni áherslu á vöruúrval og þjónustu. Þetta hefur leitt til þess að markaðshlutdeild verslana með fullt vöruúrval, sem og þægindaverslana, hefur minnkað um helming á sama tíma og lágvöruverðsverslanir hafa meira en tvöfaldað sína hlutdeild. Oftast er um magninnkaup að ræða hjá neytendum í lágvöruverðsverslunum og fjölskammta-umbúðir geta því verið hentugar við slíkar aðstæður þar sem þær flýta fyrir innkaupunum og einfalda innkaupaferlið.



# Starfsemi MS 2006

## Sala á mjólkurvörum

Heildarsala á mjólkurvörum, öðrum en smjöri og ostum, hjá MS á árinu 2006 var 45,2 milljónir lítra að verðmæti 6,5 milljarðar króna. Samdráttur í magnsölu milli áranna 2005 og 2006 var 0,7% eða 320 þúsund lítrar. Samdráttur var í sölu á nokkrum vörutegundum en töluverð aukning í sölu á öðrum. Þannig var nýtt met slegið í sölu á kókómjólk árið 2006 og jókst salan um 270 þúsund lítra frá árinu á undan. Á síðasta ári var einnig nokkur aukning í sölu á G-mjólk, rjóma og sýrðum rjóma en sala á þessum vörum jókst um tæp 6% í magni milli ára. Sala á markfæði og bætiefnavörum jókst um 19% í magni milli ára og voru allar Ab-vörur sem tilheyra þessum vöruflokki mjög vinsælar hjá neytendum á síðasta ári. Sala á drykkjarmjólk dróst saman um 1,8% og er það í takt við þróun undanfarinna ára. Aðrir vöruflokkar sem seldust minna á árinu 2006 voru bragðbættar mjólkurdrykkjarvörur, grunnvörur og tilbúnir réttir.

## Skipulagsbreytingar og skarpari áherslur

Á miðju ári voru gerðar ýmsar skipulagsbreytingar hjá MS með það fyrir augum að auka skilvirkni. Sölu- og dreifingarsviði var breytt í Sölu- og markaðssvið og tók yfir stjórn markaðsmála sem verið hafði hjá Viðskipta- og þróunarsviðinu. Allnokkrar áherslubreytingar urðu samtímis á nýsköpunar- og þróunarstarfi með stofnun nýs sviðs sem nær yfir vöruþróun, tæknimál og viðskiptaþróun auk neytenda- og hollustufræðslu. Sölu- og markaðssvið fékk einnig það hlutverk, í samstarfi við Viðskipta- og þróunarsvið, að stýra vöruframboði í takt við þarfir markaðarins og í samræmi við hagsmuni félagsins og eigenda þess.

Á árinu vann Sölu- og markaðssvið að greiningu á stórnotendamarkaði. Sú vinna leiddi til aukinnar þjónustu og eftirfylgni við þá viðskiptamenn. Sérstök eining innan Sölu- og markaðssviðsins sinnir verkefninu og er markmiðið að efla frumkvæði á þessum vettvangi og auka þar með tekjur þaðan.

### Vörusala árið 2006 í lítrum

| Vöruhópar | | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|---|---|
| Neyslumjólk | nýmjólk, léttmjólk o.fl. | 29.648.642 | 29.043.013 | 28.677.779 | 28.144.628 |
| Bragðbættir mjólkurdrykkir | kókómjólk, skyrdrykkir o.fl. | 2.828.188 | 3.918.181 | 5.270.437 | 4.916.376 |
| Grunnréttir | sýrð mjólk, hvítt skyr o.fl. | 1.798.645 | 1.812.904 | 1.685.839 | 1.618.199 |
| Tilbúnir réttir - eftirréttir | skyr.is, smámál o.fl. | 4.494.993 | 4.663.036 | 4.465.975 | 4.285.286 |
| Stoðvörur | rjómi, mysa o.fl. | 3.000.913 | 3.145.637 | 3.317.276 | 3.497.013 |
| Lífrænar vörur | lífræn mjólk og ab-mjólk | 49.199 | 49.433 | 65.154 | 95.639 |
| Markfæði og bætiefnavörur | ab-mjólk, LGG o.fl. | 2.189.947 | 2.390.569 | 2.703.518 | 3.203.488 |
| Samtals mjólkurvörur | | 44.010.526 | 45.022.772 | 46.185.978 | 45.760.629 |

Í hagræðingarskyni var móttöku pantana og sölu til viðskiptavina á svæðinu í kringum Blönduós og Búðardal breytt á árinu. Þær breytingar eru hluti af skýrari verkaskiptingu milli framleiðslueininga og þeirrar starfsemi sem fram fer í Reykjavík.

Í byrjun árs 2006 var ráðist í stefnumótun með það að markmiði að skerpa línur í skipulagnin
gu þróunarstarfsins. Skoðað var hvernig tryggja mætti sem best að starfið tæki jafnt mið af stefnu fyrirtækisins og áherslum á markaði sem og á hvern hátt mætti efla skilning þeirra sem að því koma. Leitað var nýrra tækifæra til að auka fjölbreytni í framleiðslu fyrirtækisins á matvörum og efla markaðssetningu á erlendri grund. Samhliða þessu var aukin hagræðing, ásamt bættri nýtingu hráefnis, skilgreind sem eitt af mikilvægustu forgangsatriðunum, en hvort tveggja byggir á öflugri og markvissri vöru- og tækniþróun.

## Vöruþróun og nýjungar

Í vöruþróunar- og nýsköpunarstarfi ársins 2006 var sem endranær lögð mikil áhersla á að mæta þörfum neytenda hvað varðar hollustu, gæði og fjölbreytni. Margar nýjungar litu dagsins ljós og voru léttar og sykurminni afurðir nánast ráðandi í fersku vörunum. Alls bættust 15 ný vörunúmer í þann flokk og voru 14 af þeim í flokki léttra afurða, þar af 11 án viðbætts sykurs eða sykurskertar. Léttur Ab-drykkur í dós kom á markaðinn á fyrri hluta ársins og fékk góðar viðtökur og styrkti Ab-vörulínuna. Sykurskert og fituminni Kókómjólk var einnig sett á markað og hefur hún stuðlað að stækkun hans í heild. Þriðja nýjungin var 5% Sýrður léttur sem er viðbót við sýrðu rjómalínuna og hefur tilkoma hans styrkt þennan vöruflokk, en hann hefur verið í jákvæðri þróun á liðnum árum. Á seinni hluta ársins kom svo á markaðinn Létt hrísmjólk. Sú nýjung hefur að einhverju leyti snúið við þeirri neikvæðu söluþróun sem var í þessum vöruflokki. Að auki bættust við nýjar bragðtegundir í Engjaþykkni og Skyr.is-drykkjum, og létt Ab-mjólk án viðbætts sykurs.




## Ostar og smjör

Þrjár nýjar ostategundir voru settar á markað á árinu. Blár Höfðingi, sem er hvítmygluostur með dálítilli blámyglu, kom á vormánuðum og eru nú tvær Höfðingjategundir á markaði en fyrir var hvítmygluostur undir sama vörumerki. Á svipuðum tíma kom á markað bragðmildur ferskur ostur, sem ber heitið Delfí. Hann er mjúkur og smyrjanlegur og notast sem viðbit en er jafnframt góður í matargerð og í sósur. Ein ný afurð bættist við í fetaostalínuna í júlímánuði: Fetasneiðar í dós. Í hverri dós eru fimm sneiðar sem liggja í kryddaðri olíu og er hægt að velja milli þriggja ólíkra tegunda.

Ein ný afurð kom í flokki smjörafurða, Kryddsmjör með franskri kryddblöndu og er hún nýjasta viðbótin í kryddsmjörsvörulínunni. Í tengslum við útflutning á smjöri til Bandaríkjanna var jafnframt boðið upp á smjör í fimm punda öskjum fyrir stóreldhús og veitingastaði. Fyrirhugað er að bjóða smjör í sambærilegri umbúðastærð fyrir almennan markað innanlands.

## Umbúðaþróun

Með það fyrir augum að koma enn frekar til móts við þarfir markaðarins var umbúðagerðum fjölgað. Sýrður rjómi var boðinn í 250 ml sprautuflösku til að auðvelda not hans bæði innan og utan heimilis en algengt er að hann sé hafður með ýmsum réttum, til dæmis grilluðum mat, og því hentugt að hafa hann í handhægum umbúðum. Viðtökur hafa verið góðar og umbúðirnar fest sig í sessi.

## Útflutningur

Á árinu 2006 var fram haldið þeirri útrás á Bandaríkjamarkað sem hófst í ágúst árið 2005 með útflutningi á skyri og nokkrum gerðum osta og smjörs. Afurðirnar eru seldar í verslunum Whole Foods-keðjunnar sem leggur áherslu á matvæli í háum gæðaflokki. Einnig er selt til veitingahúsa, þótt í minni mæli sé. Þessi tilraunaútflutningur tengist átaksverkefninu Áform sem er á vegum Bændasamtakanna og Landbúnaðarráðuneytisins. Hann hefur tekist með ágætum og viðtökur verið mjög góðar. Verslanir Whole Foods-keðjunnar eru um 200 talsins en ákveðið var að takmarka söluna fyrst um sinn við tæplega 30 verslanir vegna erfiðrar birgðastöðu hérlendis í kjölfar mikillar söluaukningar á mjólkurafurðum síðastliðin tvö ár. Þegar framboð á mjólk eykst hérlendis verður ráðist í að selja íslensku mjólkurvörurnar í fleiri verslunum Whole Foods, en þar á bæ er mikill áhugi fyrir vörunum.

Íslenskur mjólkuriðnaður hefur vakið athygli víða erlendis fyrir fjölbreytni í vöruvali og framúrskarandi gæði afurða. Iðnaðurinn býr yfir þekkingu og færni til framleiðslu á flestum gerðum mjólkurafurða og hefur yfir að ráða heildarlausnum sem nýta má sem söluvöru á erlendum vettvangi. Sú stefna hefur verið mörkuð að stuðla að frekari útrás á þessu sviði með það fyrir augum að selja þekkingu í formi ráðgjafar og framleiðslusamninga. Jafnframt því er stefnt að samstarfsverkefnum og hugsanlega eignaraðild að áhugaverðum fyrirtækjum erlendis ef spennandi tækifæri gefast.

## Öflugt markaðsstarf

Markaðsstarfið var í föstum skorðum á síðasta ári en auk þess að auglýsa í blöðum og ljósvakamiðlum til að kynna nýjungar og örva sölu var yfir sumartímann efnt til ýmissa markaðsleikja í tengslum við vinsælar vörur. Á haustdögum tók MS síðan þátt í sýningunni Matur 2006 þar sem lögð var áhersla á að kynna og sýna nýjar vörur sem fyrirtækið var að markaðssetja á þeim tíma.

Stærsta verkefnið í markaðsmálum á síðasta ári var kynning á sameinuðu fyrirtæki, nýju vörumerki, nafni og slagorði fyrirtækisins: MS – mjólkurvörur í sérflokki. Í upphafi árs var sett af stað vörutengd ímyndarherferð sem einkenndist af ferskleika. Auglýsingar endurspegluðu ýmsar af stjörnuvörum MS og




fjölbreytt og ferskt vöruúrval með vísan til neytenda á ýmsum aldri. MS helgaði sér hvíta litinn sem tákn þess ferskleika sem fyrirtækið stendur fyrir. Herferðin stóð yfir í 3 mánuði og um var að ræða heildstæða framsetningu á öllu kynningarefni og útliti fyrirtækisins. Á þessum tímamótum var starfsfólk hvatt til að mynda sterka liðsheild og var veggspjöldum og borðstöndum með slagorði og skilaboðum um styrkleika og gildi fyrirtækisins komið fyrir á öllum starfsstöðvum félagsins. Styrkleikar sem lögð var áhersla á eru gæði, traust, þjónusta og uppruni. Gildin eru fagmennska, heiðarleiki, samhugur og ferskleiki.

Óhætt er að segja að kynningarherferðin hafi tekist vel og hlaut nýja MS-merkið verðlaun á árlegri hátíð íslensks markaðsfólks. Auk þess var MS tilnefnt til verðlauna í flokki dagblaðaauglýsinga og veggspjalda. Það er einkar ánægjulegt að hljóta viðurkenningu af þessu tagi frá íslensku markaðsfólki. Það staðfesti jákvæða afstöðu samfélagsins til þess sem hið nýja sameinaða fyrirtæki stendur fyrir. MS var svo á haustdögum 2006 valið í hóp framúrskarandi markaðsfyrirtækja og beðið um greinargerð vegna mögulegrar tilnefningar en hlaut hana ekki að þessu sinni. Árið 2004 var Mjólkursamsalan hins vegar tilnefnd sem eitt af þremur markaðsfyrirtækjum ársins.

## Markaðsnefndin skilar af sér

Markaðsnefnd mjólkuriðnaðarins lauk störfum í upprunalegri mynd um áramótin 2006–2007 en Mjólkursamsalan ehf. tekur við flestum verkefnum hennar. Þau skiptast í megindráttum á tvö starfssvið Mjólkursamsölunnar. Viðskipta- og þróunarsvið annast kynningu á almennri hollustu mjólkurvara, á samstarf við sérfræðinga og aðra skoðanamyndandi hópa og heldur utan um rannsóknarverkefni. Þá annast sviðið samskipti við opinbera aðila og aðra sem áhrif hafa á stöðu mjólkurvara. Sölu- og markaðssvið hefur umsjón með auglýsingagerð og birtingum, annast markaðskannanir og stýrir vettvangs- og kynningarstarfi á markaði. Bæði sviðin hafa samskipti við þá aðila sem Markaðsnefnd mjólkuriðnaðarins gerði kostunarsamninga við. Samskipti við skóla verða hjá stórnotendasviði MS. Önnur verkefni færast til viðeigandi sviða Mjólkursamsölunnar.

Á árinu 2006 hélt uppbygging á MUU-merkinu áfram en útlit nýju fernanna hefur nú náð að festa sig í sessi. Markaðsátakið hófst árið 2003 en aðalmarkmiðið var að gera neyslumjólk sýnilegri og skapa jákvætt viðhorf til hennar hjá breiðum aldurshópi með léttleika og gamansemi – Muundu eftir mjólkinni! Á síðasta ári var meðal annars haldið áfram að birta „ísskápaauglýsingar" – Í öllum ísskápum er mjólkin á sínum stað – og eins voru kynningar á ískaldri mjólk og meðlæti í verslunum.

Á vegum markaðsnefndarinnar voru einnig birtar „sérfræðingaauglýsingar" í sjónvarpi og tímaritum undir slagorðinu „Kalk við hæfi alla ævi" í aðdraganda beinverndardagsins í samstarfi við Beinvernd. Í þessum auglýsingum er mælt með hreyfingu og neyslu mjólkur eða mjólkurvara sem lið í forvörnum gegn beinþynningu. Sérfræðingaauglýsingarnar hafa skilað góðum árangri, því vitund almennings um beinþynningu hefur aukist svo um munar.




## Skólamjólk

Snemma árs 2003 markaði mjólkuriðnaðurinn sérstaka skólamjólkurstefnu sem fól í sér að tryggja að neysla mjólkur í leik- og grunnskólum landsins yrði í samræmi við manneldismarkmið á Íslandi og að öll börn á leik- og grunnskólaaldri hefðu greiðan aðgang að mjólk á matmálstímum í skólum. Þannig hugðist mjólkuriðnaðurinn leggja sitt af mörkum til að festa í sessi heilbrigðar neysluvenjur ungmenna á skólaaldri og stuðla jafnframt að neyslu þeirra á mjólk síðar á lífsleiðinni.

Til að ná settum markmiðum hefur verið unnið fræðslu- og kynningarstarf, meðal annars með þátttöku í alþjóðlegum skólamjólkurdegi sem hefur verið haldinn ár hvert síðan haustið 2003. Þá hefur verið efnt til samstarfs við heilbrigðisyfirvöld og stofnanir, sem og við starfsstéttir og félagasamtök sem vinna að barnaheill og láta sig varða uppeldi, næringu og almennt heilbrigði. Sérstök áhersla hefur verið lögð á samstarf við Lýðheilsustöð til þess að auka mjólkurneyslu íslenskra ungmenna.

Til að fylgja eftir þeirri stefnu að börn hafi greiðan aðgang að mjólk hefur öllum grunnskólum landsins verið boðið að fá mjólkurkælivél til afnota. Um þessar mundir hefur 315 mjólkurvélum verið dreift í grunnskóla landsins. Unnið er að því að koma vélum inn í þá skóla sem hafa enn ekki þegið vélar og er áformað að 200 vélum verði dreift árið 2007 og 150 vélum 2008.

Auk þess að koma mjólkurvélum í skólana hefur verið lögð rík áhersla á að auka mjólkurneyslu með fleiri kynningum sem beinast að börnunum sjálfum, sem og að auka fræðslu um næringargildi sem beinist að foreldrum, starfsfólki skólamötuneyta og kennurum.

## Ímyndarmál

Verkefninu „Íslenska er okkar mál" var haldið áfram á árinu 2006 og viðamesti hluti þess var nýtt Fernuflug, svokallað Fernuflug III. Í byrjun árs 2006 var efnt til samkeppni meðal nemenda í 5., 6. og 7. bekk grunnskólanna, auk nemenda í framhaldsskólum, um örsögur eða ljóð sem eiga að birtast á mjólkurfernum árin 2007 og 2008. Fernuflug III var unnið í samstarfi við Íslenska málnefnd, Menntamálaráðuneytið og Samtök móðurmálskennara. Þema keppninnar var „Hvernig er að vera ég?" og var þátttaka mjög góð því alls bárust á þriðja þúsund texta frá nemendum. Fimmtudaginn 18. maí 2006 fór fram verðlaunaafhending í húsnæði MS. Þangað komu höfundar og aðstandendur þeirra 64 texta sem urðu fyrir valinu. Formaður dómnefndar og sérstakur verndari keppninnar, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, afhenti verðlaun og viðurkenningar, ásamt Guðlaugi Björgvinssyni, fjármálastjóra MS. Textarnir munu birtast á rúmlega 35 milljónum mjólkurferna alls.

## Innvigtun

Innvegin mjólk var nokkuð meiri á árinu 2006 en 2005. Á öllu MS-svæðinu jókst magnið um 5.115.384 lítra milli ára eða um 7,1%. Mikil mjólkurinnvigtun var á öllu landinu á árinu 2006 og var heildarinnvigtunin117 milljónir lítra sem er ein mesta innvigtun á einu ári frá árunum 1978 og 1979 en þá var innvigtunin annars vegar 120 milljónir og hins vegar 117,2 milljónir



lítra. Þessi aukna innvigtun kom í góðar þarfir eftir nokkurn samdrátt árið á undan og varð til þess að langþráð birgðaaukning varð á árinu.

Á síðastliðnu verðlagsári var sérstaklega kallað eftir meiri mjólk og því var ákveðið að greiða fullt afurðastöðvaverð fyrir alla innlagða umframmjólk. Ákvörðun þessa efnis var tekin í júlímánuði 2006. Umframmjólk verðlagsársins 2005–2006 nam 2.402 þúsund lítrum, eða um 2,2% af heildargreiðslumarki verðlagsársins.

Á yfirstandandi verðlagsári 2006–2007, hefur verið ákveðið að greiða fullt afurðastöðvaverð fyrir alla móttekna umframmjólk.

## Flutningar á mjólk

Á árinu 2006 var innheimt flutningsgjald af mjólk kr. 2,05 á lítra. Ákveðið hefur verið að innheimt flutningsgjald af mjólk verði kr. 2,25 á lítra mjólkur fyrir árið 2007. Árið 2005 og seinni hluta árs 2004 var innheimt flutningsgjald kr. 2,40 á lítra og hefur það því lækkað umtalsvert.

## Nýjar aðstæður í rekstri

Grunnstarfsemi afurðastöðva MS á árinu 2006 var í megindráttum í sömu skorðum og mörg undangengin ár. Í lok ársins komst mjólkursamlagið á Ísafirði í eigu MS og er nú rekið eins og aðrar afurðastöðvar á vegum félagsins. Samhliða þessum breytingum gerðust mjólkurinnleggjendur á starfssvæði afurðastöðvarinnar á Ísafirði félagsmenn í MS.

Í upphafi árs 2007 var starfsemi allra afurðastöðva sett undir eina rekstrar- og skipulagsstjórn undir merkjum nýja rekstrarfélagsins, Mjólkursamsölunnar ehf. Sú aðgerð markar tímamót í skipulagi og starfsemi afurðastöðva í landinu. Nú þegar hafa verið teknar ákvarðanir um breytingar á fyrirkomulagi mjólkurvinnslu, meðal annars með flutningi mjólkurpökkunar frá Reykjavík til Selfoss. Viðfangsefni komandi ára verður að endurskipuleggja fyrirkomulag vinnslu mjólkur enn frekar með aukinni verkaskiptingu og einnig opnast nýir möguleikar í fyrirkomulagi allra flutninga, bæði á hráefni við mjólkursöfnun og milli búa, svo og flutninga og dreifingar á fullunnum vörum. Ennfremur gefast mörg tækifæri til frekari hagræðingar með skipulagsbreytingum með það að markmiði að lækka varanlega vinnslu- og dreifingarkostnað mjólkur. Viðfangsefnið er umfangsmikið en að sama skapi eru möguleikarnir umtalsverðir.

Innlögð mjólk
umreiknuð í lítra m.v. prótein




Innlögð mjólk
umreiknuð í lítra m.v. fitu



# Tölulegar upplýsingar

## Mjólkurinnlegg hjá MS eftir mánuðum




Samtals: lítrar 2006: 77.143.730 — 2006
lítrar 2005: 72.028.346 — 2005

## Mjólkurinnlegg hjá öðrum en MS eftir mánuðum




Samtals: lítrar 2006: 39.918.724 — 2006
lítrar 2005: 37.416.848 — 2005

## Mánaðarleg innvigtun 2005 og 2006 í þús. lítra

Svæði MS

| | 2006 | 2005 | Breyting 2005–2006 þús. lítrar | Breyting 2005–2006 % |
|---|---|---|---|---|
| Janúar | 6.557 | 6.365 | 192 | 3,02% |
| Febrúar | 6.158 | 5.934 | 224 | 3,77% |
| Mars | 6.967 | 6.684 | 283 | 4,23% |
| Apríl | 6.558 | 6.507 | 51 | 0,78% |
| Maí | 7.569 | 6.871 | 698 | 10,16% |
| Júní | 6.774 | 6.428 | 346 | 5,38% |
| Júlí | 6.326 | 5.747 | 579 | 10,07% |
| Ágúst | 6.200 | 5.672 | 528 | 9,31% |
| September | 5.606 | 5.003 | 603 | 12,05% |
| Október | 5.903 | 5.160 | 743 | 14,40% |
| Nóvember | 5.974 | 5.543 | 431 | 7,78% |
| Desember | 6.552 | 6.114 | 438 | 7,16% |
| Samtals | 77.144 | 72.028 | 5.116 | 7,10% |

## Mánaðarleg innvigtun 2005 og 2006 í þús. lítra

Utan MS-svæðis

| | 2006 | 2005 | Breyting 2005–2006 þús. lítrar | Breyting 2005–2006 % |
|---|---|---|---|---|
| Janúar | 3.060 | 3.122 | -62 | -1,99% |
| Febrúar | 2.923 | 2.972 | -49 | -1,65% |
| Mars | 3.330 | 3.392 | -62 | -1,83% |
| Apríl | 3.228 | 3.369 | -141 | -4,19% |
| Maí | 3.800 | 3.578 | 222 | 6,20% |
| Júní | 3.616 | 3.474 | 142 | 4,09% |
| Júlí | 3.548 | 3.210 | 338 | 10,53% |
| Ágúst | 3.619 | 3.222 | 397 | 12,32% |
| September | 3.172 | 2.846 | 326 | 11,45% |
| Október | 3.256 | 2.689 | 567 | 21,09% |
| Nóvember | 3.077 | 2.681 | 396 | 14,77% |
| Desember | 3.290 | 2.862 | 428 | 14,95% |
| Samtals | 39.919 | 37.417 | 2.502 | 6,69% |

## Fjöldi innleggjenda 2006 og 2005

| Nafn deildar | 31.12.2006 | 31.12.2005 | Mismunur |
|---|---|---|---|
| Austurlandsdeild | 31 | 36 | -5 |
| A-Skaftafellsdeild | 14 | 14 | 0 |
| Skaftárdeild | 27 | 28 | -1 |
| Mýrdalsdeild | 15 | 16 | -1 |
| Eyjafjalladeild | 24 | 27 | -3 |
| Landeyjadeild | 33 | 34 | -1 |
| Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild | 19 | 19 | 0 |
| Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild | 25 | 24 | 1 |
| Biskupstungna-, Laugardals- og Grímsnesdeild | 24 | 24 | 0 |
| Skeiða- og Gnúpverjadeild | 29 | 30 | -1 |
| Hrunamannadeild | 24 | 26 | -2 |
| Gaulverjabæjar-, Villingaholts- og Stokkseyrardeild | 22 | 25 | -3 |
| Hraungerðis-, Sandvíkur- og Ölfusdeild | 22 | 21 | 1 |
| Hvalfjarðardeild | 28 | 30 | -2 |
| Borgarfjarðardeild | 26 | 28 | -2 |
| Mýrarsýsludeild | 25 | 28 | -3 |
| Snæfellsnesdeild | 23 | 24 | -1 |
| Breiðafjarðardeild | 53 | 41 | 12 |
| Vestur-Húnaþingsdeild | 26 | 26 | 0 |
| Austur-Húnaþingsdeild | 33 | 34 | -1 |
| Alls MS | 523 | 535 | -12 |

## Fitu- og próteininnihald mjólkur eftir deildum (meðaltöl)

| | Fita | | Prótein | |
|---|---|---|---|---|
| Heiti deildar | 2006 | 2005 | 2006 | 2005 |
| Austurlandsdeild | 3,96 | 4,09 | 3,37 | 3,36 |
| A-Skaftafellsdeild | 3,67 | 3,81 | 3,37 | 3,36 |
| Skaftárdeild | 3,77 | 3,93 | 3,36 | 3,36 |
| Mýrdalsdeild | 3,81 | 3,89 | 3,31 | 3,28 |
| Eyjafjalladeild | 3,88 | 3,98 | 3,37 | 3,36 |
| Landeyjadeild | 3,88 | 3,96 | 3,36 | 3,36 |
| Flj.hl., Hvols og Rang.d. | 3,93 | 3,98 | 3,37 | 3,38 |
| Holta, Landm, Ása og Dj. | 3,90 | 3,97 | 3,40 | 3,37 |
| Bisk, Laugard.og Grímsn. | 3,86 | 3,92 | 3,35 | 3,34 |
| Skeiða- og Gnúpverjad. | 3,92 | 3,97 | 3,34 | 3,34 |
| Hrunamannadeild | 3,90 | 3,97 | 3,34 | 3,34 |
| Gaulv., Vill. og Stokkse. | 3,98 | 4,04 | 3,39 | 3,36 |
| Hraung. Sandv. og Ölfus | 3,92 | 3,99 | 3,37 | 3,35 |
| Hvalfjarðardeild | 3,99 | 4,10 | 3,30 | 3,29 |
| Borgarfjarðardeild | 3,98 | 4,05 | 3,30 | 3,30 |
| Mýrarsýsludeild | 3,97 | 4,06 | 3,32 | 3,33 |
| Snæfellsnesdeild | 3,91 | 4,09 | 3,32 | 3,33 |
| Breiðafjarðardeild | 3,90 | 3,98 | 3,32 | 3,31 |
| Vestur-Húnaþingsdeild | 3,92 | 4,02 | 3,30 | 3,31 |
| Austur-Húnaþingsdeild | 3,99 | 4,02 | 3,35 | 3,34 |
| Meðaltal | 3,912 | 3,982 | 3,347 | 3,328 |

## Fjöldi kúabúa miðað við greiðslumark í lok árs

| | Fjöldi kúabúa | | greiðslumark á kúabú í þús. lítra 2006 | | | | | | greiðslumark á kúabú í þús. lítra 2005 | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2006 | 2005 | <50 þúsund | 50–100 þúsund | 100–200 þúsund | 200–300 þúsund | >300 þúsund | Meðaltal pr. kúabú | <50 þúsund | 50–100 þúsund | 100–200 þúsund | 200–300 þúsund | >300 þúsund | Meðaltal pr. kúabú |
| MS Vopnafirði | | 7 | | | | | | 0 | | 3 | 3 | 1 | | 112.961 |
| MS Egilsstöðum | 31 | 30 | 5 | 9 | 7 | 8 | 2 | 148.684 | 6 | 9 | 11 | 3 | 1 | 120.918 |
| MS Selfossi | 273 | 293 | 18 | 48 | 128 | 59 | 20 | 160.188 | 38 | 64 | 135 | 49 | 13 | 143.842 |
| MS Reykjavík | 106 | 111 | 18 | 20 | 54 | 10 | 4 | 127.894 | 20 | 26 | 53 | 10 | 2 | 117.375 |
| MS Búðardal | 64 | 65 | 10 | 26 | 20 | 5 | 3 | 112.749 | 12 | 26 | 19 | 5 | 3 | 104.998 |
| MS Ísafirði | 14 | | 4 | 5 | 2 | 1 | 2 | 112.650 | | | | | | |
| MS Blönduósi | 33 | 34 | 2 | 10 | 19 | 1 | 1 | 126.086 | 3 | 10 | 20 | | 1 | 116.439 |
| MS allt | 521 | 540 | 57 | 118 | 230 | 84 | 32 | 131.375 | 79 | 138 | 241 | 68 | 20 | 130.327 |




## Mjólkurkvóti

Á framleiðsluárinu 2005–2006 voru viðskipti með um 4,8 milljónir lítra greiðslumarks í mjólk. Verð á lítra greiðslumarks fór heldur lækkandi á árinu 2006, m.a. vegna breytinga á beingreiðslum með tilkomu gripagreiðslna og einnig vegna aukningar um 5 milljónir lítra við óbreytta fjárhæð til beingreiðslna. Stór hluti þessara viðskipta fór fram fyrir milligöngu MS sem aðstoðar sína félagsmenn með ýmsu móti í viðskiptum með greiðslumark, jafnt hvað varðar sölu, kaup og fjármögnun.

### Greiðslumark og nýting þess verðlagsárið 2005/2006

| MS Samtals | Lítrar | Lítrar |
|---|---|---|
| Greiðslumark | | 70.782.229 |
| Framleitt innan greiðslumarks | | 67.905.630 |
| Ónotað greiðslumark til ráðstöfunar | | 2.876.599 |
| | | |
| Framleitt umfram greiðslumark | | 5.579.780 |
| Ónotað greiðslumark | | -2.876.599 |
| | | 2.703.181 |
| Greiðslumark út af svæði/-inn á svæði | | -845.405 |
| Umframmjólk | | 1.857.776 |
| | | |
| Innlögð mjólk | | 73.485.410 |
| Greiðslumark | 70.782.229 | |
| Greiðslumark inn á svæði/-út af svæði | 845.405 | |
| | 71.627.634 | 73.485.410 |
| Umframmjólk | | 1.857.776 |

### Fitu- og próteininnihald eftir mánuðum

| | Meðalfita | | Meðalprótein | |
|---|---|---|---|---|
| | 2006 | 2005 | 2006 | 2005 |
| Janúar | 3,782% | 3,958% | 3,298% | 3,326% |
| Febrúar | 3,779% | 3,943% | 3,274% | 3,285% |
| Mars | 3,728% | 3,958% | 3,294% | 3,288% |
| Apríl | 3,874% | 4,011% | 3,327% | 3,288% |
| Maí | 3,828% | 3,993% | 3,281% | 3,297% |
| Júní | 4,034% | 4,101% | 3,277% | 3,286% |
| Júlí | 4,183% | 4,078% | 3,347% | 3,293% |
| Ágúst | 3,988% | 4,015% | 3,365% | 3,310% |
| September | 3,938% | 3,992% | 3,456% | 3,440% |
| Október | 3,993% | 3,987% | 3,467% | 3,439% |
| Nóvember | 3,953% | 3,921% | 3,442% | 3,393% |
| Desember | 3,911% | 3,827% | 3,380% | 3,338% |
| Meðaltal | 3,912% | 3,982% | 3,347% | 3,328% |

### Greiðslumark mjólkur eftir afurðastöðvasvæðum MS verðlagsárið 2005/2006 og nýting þess í lítrum

| Afurðastöðvar | Greiðslumark | Framleitt innan greiðslumarks | Framleitt 100–104% | Framleitt umfram 104% | Millifært milli samlaga | Framleitt umfram samning | Framleitt alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| MS Reykjavík | 12.685.057 | 12.401.265 | 316.740 | 856.423 | 492.690 | 396.681 | 13.574.428 |
| MS Búðardal | 6.852.855 | 6.216.135 | 107.884 | 399.355 | -314.457 | 184.976 | 6.723.374 |
| Mjólkursamlag Ísfirðinga | 1.527.982 | 1.409.608 | 9.404 | 24.679 | -95.722 | 11.431 | 1.443.691 |
| MS Blönduósi | 4.001.537 | 3.795.866 | 66.788 | 75.621 | -98.287 | 35.025 | 3.938.275 |
| MS Egilsstöðum | 4.401.677 | 4.053.437 | 75.954 | 159.589 | -186.615 | 73.918 | 4.288.980 |
| MS Selfossi | 42.841.103 | 41.438.927 | 1.001.524 | 2.519.902 | 952.074 | 1.167.176 | 44.960.353 |
| Samtals | 72.310.211 | 69.315.238 | 1.578.294 | 4.035.569 | 749.683 | 1.869.207 | 74.929.101 |

# Dótturfélög

## Emmessís hf.

Heildarsala í ísvörum jókst um 4,2% í lítrum á árinu 2006 og um 7,2% í verðmætum. Mestu munaði um söluaukningu í Ísblómum, Kúluís og Ísblöndu. Auk þess hófst sala á Nestlé-ís í upphafi árs en heildsalan Danól hafði áður selt Nestlé-ís á markaðinum. Á árinu voru markaðssettar nokkrar nýjungar, bæði íspinnar og klakar auk nýrra heimilispakkninga. Þá var og fjölgað sérframleiddum tegundum sem seldar eru undir merkjum annarra.

Um mitt ár 2006 keypti Emmessís hlutafélagið Móðir mín ehf. sem átti og rak Booztbar í Kringlunni. Booztbar var í framhaldi af því sameinaður rekstri ísbúðarinnar í Kringlunni. Undir lok ársins var síðan opnaður nýr og glæsilegur staður, þar sem ísbúðin var áður, undir heitinu BOOZTBAR– ÍSBAR. Góð söluaukning hefur átt sér stað í öllum vöruflokkum frá opnun. Áformað er að fjölga sölustöðum á næstu misserum.

Rekstur Emmessíss hefur verið í járnum mörg undanfarin ár. Til að bregðast við þeirri staðreynd var á árinu 2006 ráðist í umfangsmikla stefnumótunarvinnu sem tók á öllum þáttum starfseminnar. Mörkuð var stefna fyrir árin 2007–2010 þar sem bæði var hugað að möguleikum til tekjuaukningar og til hagræðingar í rekstri. Markmiðið er að á árinu 2008 verði afkoma fyrirtækisins í takt við væntingar eigenda um arð af starfsemi fyrirtækisins.

Áhersla verður lögð á að auka enn frekar vöruþróun fyrirtækisins og styrkja helstu vöruflokka. Verið er að skoða hvort hægt er að auka vöruúrval á stóreldhúsamarkaði en þar eru talin ónýtt vaxtartækifæri. Framkvæmdastjóri Emmessíss er Leifur Örn Leifsson.

## Samsöluvörur hf.

Samsöluvörur framleiðsla ávaxtasafa og svaladrykki sem seldir eru undir vörumerkinu MS. Flórídanaávaxtasafarnir eru stærsti vöruflokkurinn en Samsöluvörur framleiða einnig ávaxtasvaladrykk undir nafninu Tommi og Jenni. Nokkur söluaukning var á árinu 2006 í kjölfar vöruþróunar og umbúðabreytinga sem ráðist var í árið 2005.

## Agrice ehf.

Agrice ehf. sérhæfir sig í sölu sérleyfa á skyrframleiðslu og veitir auk þess ráðgjöf í mjólkuriðnaði erlendis. Fram til þessa hefur verið litið á starfsemi félagsins sem þróunarverkefni en á því eru að verða breytingar. Mikil þáttaskil urðu í rekstri félagsins á






síðasta ári. Í maí var byrjað að framleiða og selja skyr hjá Thise Mejeri í Danmörku samkvæmt sérleyfissamningi frá Agrice. Af þessari framleiðslu fær félagið greidd sérleyfisgjöld og lofar byrjunin góðu. Þess er vænst að á árinu 2007 vaxi framleiðslan töluvert. Tilraunaframleiðsla á skyri hófst hjá Kingdom Cheese í Skotlandi í lok ársins. Samhliða þessu hafa verið lögð drög að frekari sérleyfisvinnslu í Evrópu og víðar. Alls staðar þar sem skyrið hefur verið kynnt hafa móttökur verið mjög jákvæðar og mikils má vænta af samstarfsaðilum Agrice í framtíðinni.

Á síðasta ári tók Agrice að sér ráðgjafarverkefni sem snýr að uppbyggingu á nýju mjólkurbúi í Mexíkó. Verður spennandi fyrir félagið að takast á við það ögrandi verkefni á þessu og næsta ári. Framkvæmdastjóri Agrice er Skúli Böðvarsson.

## Merkiland ehf.

Eignarhaldsfélagið Merkiland ehf. var stofnað á árinu 2005 en á síðasta ári var helsta verkefni félagsins að byggja skrifstofuhúsnæði að Austurvegi 64 á Selfossi. Byggingin er um 1.700 fermetrar og hófust framkvæmdir í marsmánuði 2006. Ríkissjóður (Landbúnaðarráðuneytið og Fjármálaráðuneytið) tóku 2/3 húsnæðisins á leigu til 20 ára fyrir hina nýju Landbúnaðarstofnun sem flutti í húsnæðið 29. september 2006. Formleg vígsla og afhending fór fram 26. október 2006. Framkvæmdastjóri Merkilands ehf. er Birgir Guðmundsson.

## Remfló ehf.

Árið 2006 var fyrsta heila starfsár Remfló ehf. eftir að verulegar skipulagsbreytingar voru gerðar á rekstri félagsins haustið 2005. Í janúar 2006 flutti félagið alla starfsemi sína í nýtt húsnæði að Austurvegi 64a á Selfossi. Þar er rekin nú verslun með aðstöðu til smáviðgerða. Remfló er nú um stundir einn stærsti söluaðili mjaltakerfa og mjólkurtanka á landinu, auk þess sem verslun félagsins býður mikið úrval rekstrarvöru fyrir mjólkurframleiðendur. Remfló opnaði netverslun með rekstrarvöru á liðnu ári. Þá annast félagið einnig neyðarþjónustu vegna mjólkurtanka og mjaltabúnaðar hjá framleiðendum. Hjá Remfló starfa fimm viðgerða- og uppsetningamenn og tveir við verslun auk framkvæmdastjórans, Sigurðar Grétarssonar.



# Afkoma 2006

Beinar sölutekjur MS og dótturfélaga þess námu 9.249 milljónum á liðnu ári og er það 3,8% aukning frá árinu 2005. Rekstrartap ársins var 149 milljónir, en árið á undan var hagnaður upp á 157 milljónir. Þessi viðsnúningur er um 3,3% af veltu. Þetta má m.a. rekja til takmarkaðrar hækkunar á heildsöluverði og verðhækkana á aðföngum og rekstrarkostnaði. Vegin meðaltalshækkun neysluvísitölu var 6,8% og launavísitölu 9,8%. Afurðaverð til bænda hækkaði um 3,2% auk hvatningargreiðslu kr 1,70 á lítra, sem greidd var fram í apríl 2006. Á árinu varð meðaltalsbreyting á heildsöluverði mjólkurvara aðeins 2,0%.

Mismunur fjármunatekna og fjármunagjalda og afkoma hlutdeildarfélaga var jákvæð um 359 milljónir á árinu, sem er 89 milljónum meira en árið 2005. Bein fjárvarsla skilaði 16,3% nafnávöxtun og ávöxtun lausafjár var nálægt 14%. Vaxtatekjur af lánastarfsemi til framleiðenda voru 150 milljónir og jukust um 39 milljónir.

Breytingar á varanlegum rekstrarfjármunum voru 878 milljónir. Fjárfestingar voru 1.386 milljónir, þar af eru 790 milljónir í fasteign Osta- og smjörsölunnar. Vélar og tæki voru endurnýjuð fyrir 164 milljónir og bifreiðar og önnur flutningstæki fyrir 62 milljónir. Seldar voru eignir á árinu fyrir 68 milljónir og afskriftir voru 493 milljónir.

Í árslok námu eignir samstæðu MS tæpum 10,6 milljörðum en heildarskuldir voru 2.752 milljónir. Eigið fé í árslok var því 7.840 milljónir og jókst um 93 milljónir milli ára eða 1,2%. Eiginfjárhlutfall er því 74% í árslok 2006.

## Lykiltölur úr samstæðureikningi MS svf.

**Ársskýrsla 2006, 2. starfsár**
**Aðalfundur 16. mars 2007**

Allar tölur í milljónum króna

| | | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarreikningur:** | | | |
| | Sölutekjur | **9.249** | 8.911 |
| | Vöru- og umbúðanotkun | **5.821** | 5.427 |
| | Laun og launatengd gjöld | **1.686** | 1.558 |
| | Annar rekstrarkostnaður | **1.408** | 1.278 |
| | Afskriftir | **483** | 492 |
| | Hreinir fjármagnsliðir | **( 359)** | ( 270) |
| | Skattar | **29** | 56 |
| | Hagnaður | **181** | 371 |
| **Efnahagsreikningur:** | | | |
| | Fastafjámunir | **6.195** | 5.170 |
| | Veltufjármunir | **4.398** | 3.828 |
| | Eigið fé | **7.840** | 7.747 |
| | Langtímaskuldir | **1.607** | 425 |
| | Skammtímaskuldir | **1.146** | 827 |
| **Sjóðstreymi:** | | | |
| | Veltufé frá rekstri | **544** | 836 |
| | Handbært fé frá rekstri | **292** | 1.040 |
| **Aðrar lykiltölur:** | | | |
| | Arðsemi eigin fjár | **2,3%** | 4,90% |
| | Eiginfjárhlutfall | **74,0%** | 86,10% |
| | Veltufjárhlutfall | **3,8** | 4,6 |

# Ársreikningur samstæðu 2006

# Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda .......... 25
Skýrsla stjórnar .......... 26
Rekstrarreikningur .......... 27
Efnahagsreikningur .......... 28
Yfirlit um sjóðstreymi .......... 30
Skýringar .......... 31

# Áritun óháðra endurskoðenda

## Til stjórnar og félagsaðila MS svf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu MS svf. og dótturfélaga þess fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og dótturfélaga þess á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 2. mars 2007

Deloitte hf.



Benóní Torfi Eggertsson
endurskoðandi



Arnór Eggertsson
endurskoðandi

Kjörnir skoðunarmenn

Við undirrituð, kjörnir skoðunarmenn MS svf., höfum farið yfir ársreikning þennan. Við teljum að hann sé í samræmi við ákvæði laga og samþykkta félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.



Gunnar Sverrisson



Guðrún Sigurjónsdóttir

# Skýrsla stjórnar

Ársreikningur samstæðu MS svf. fyrir árið 2006 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning MS og dótturfélaga þess fyrir árið 2006.

Samkvæmt rekstrarreikningi nemur hagnaður ársins 150 milljónum króna. Eigið fé samstæðunnar samkvæmt efnahagsreikningi er í árslok 7.840 milljónir króna, en var í ársbyrjun 7.747 milljónir króna. Á árinu störfuðu að meðaltali 390 starfsmenn hjá fyrirtækinu og dótturfélögum þess og námu heildarlaunagreiðslur 1.473 milljónum króna.

Inneign í stofnsjóði í árslok nemur kr. 2.600.752.005 og skiptist á milli 651 aðila en í upphafi árs á milli 655 aðila. Tillag ársins frá félagsaðilum nemur kr. 11.364.349 og vextir af stofnsjóði eru kr. 107.618.903. Úr stofnsjóði eru greiddar kr. 90.574.303. Á fulltrúaráðsfundi þann 28.12.2006 var samþykkt sérstakt framlag í stofnsjóð kr. 1.500.000.000.

Hagnaður ársins nam kr. 149.665.648 og vísar stjórnin í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Að áliti stjórnar og forstjóra MS koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og forstjóri MS staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 2. mars 2007

**Stjórn**

Magnús H. Sigurðsson
stjórnarformaður

Bjarni Jónsson

Magnús R. Sigurðsson

Egill Sigurðsson

Haraldur Þórarinsson

Helgi Bergþórsson

Hörður Grímsson

**Forstjóri**

Guðbrandur Sigurðsson

# Rekstrarreikningur ársins 2006

| | Skýr. | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| Sala | | 9.249.300.632 | 8.910.582.263 |
| Vöru- og umbúðanotkun | | ( 5.821.133.554 ) | (5.426.519.493 ) |
| | | 3.428.167.078 | 3.484.062.770 |
| Aðrar tekjur | | 50.071.725 | 67.371.950 |
| Laun og tengd gjöld | 3 | ( 1.686.253.474 ) | (1.558.178.105 ) |
| Bifreiðakostnaður og flutningar | | ( 190.467.516 ) | ( 179.562.736 ) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 1.267.605.265 ) | (1.165.347.350 ) |
| Afskriftir | 8 | ( 482.674.707 ) | ( 491.743.604 ) |
| Rekstrar(tap) -hagnaður | | ( 148.762.159 ) | 156.602.925 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | | ( 19.185.735 ) | 8.086.256 |
| Fjármunatekjur | 4 | 419.154.451 | 289.131.783 |
| Fjármagnsgjöld | 5 | ( 41.329.853 ) | ( 27.504.810 ) |
| Hagnaður fyrir skatta | | 209.876.704 | 426.316.154 |
| Tekjuskattur | 6 | ( 29.152.221 ) | ( 55.789.885 ) |
| Hagnaður af reglulegri starfsemi | | 180.724.483 | 370.526.269 |
| Önnur gjöld / aðrar tekjur | 7 | ( 31.058.835 ) | 0 |
| Hagnaður ársins | | 149.665.648 | 370.526.269 |

# Efnahagsreikningur

| Eignir | Skýr. | 31.12.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 8 | 4.224.452.672 | 3.346.043.219 |
| Viðskiptavild | 9 | 0 | 9.297.182 |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | 10 | 517.272.658 | 551.786.544 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | 10 | 354.131.241 | 344.660.397 |
| Skuldabréfaeign | 11 | 1.098.881.521 | 918.589.735 |
| | | 6.194.738.092 | 5.170.377.077 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | 12 | 983.054.629 | 750.406.682 |
| Viðskiptakröfur | 13 | 791.427.391 | 709.203.384 |
| Fjárfestingarverðbréf | 14 | 1.657.469.911 | 944.636.222 |
| Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar | 11 | 293.947.655 | 239.765.653 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 162.928.761 | 257.133.271 |
| Handbært fé | | 509.009.218 | 926.793.208 |
| | | 4.397.837.565 | 3.827.938.420 |
| Eignir | | 10.592.575.657 | 8.998.315.497 |

# 31. desember 2006

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | 31.12.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|---|
| Eigið fé | 15 | | |
| Stofnsjóður | | 2.600.752.005 | 1.072.343.056 |
| Lögbundinn varasjóður | | 158.742.481 | 143.775.916 |
| Óráðstafað eigið fé | | 5.058.013.251 | 6.530.909.071 |
| Eigið fé móðurfélags | | 7.817.507.737 | 7.747.028.043 |
| Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga | | 22.910.901 | 0 |
| Eigið fé | | 7.840.418.638 | 7.747.028.043 |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar | | | |
| Langtímaskuldir | 16 | 1.345.544.627 | 139.691.985 |
| Lífeyrisskuldbinding | 17 | 138.518.451 | 134.337.883 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 18 | 122.567.377 | 150.615.350 |
| | | 1.606.630.455 | 424.645.218 |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 652.717.864 | 606.146.564 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 16 | 60.492.761 | 51.776.405 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 432.315.939 | 168.719.267 |
| | | 1.145.526.564 | 826.642.236 |
| Skuldir | | 2.752.157.019 | 1.251.287.454 |
| Eigið fé og skuldir | | 10.592.575.657 | 8.998.315.497 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2006

| | Skýr. | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður ársins | | 149.665.648 | 370.526.269 |
| Afskriftir | 8 | 502.224.805 | 506.022.603 |
| Lífeyrisskuldbinding, hækkun | 17 | 4.180.568 | 27.991.462 |
| Tekjuskattsskuldbinding, (lækkun) | 18 | ( 30.225.242 ) | ( 4.799.837 ) |
| Sölutap fastafjármuna | | 2.164.455 | 3.369.280 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga og sameignarfélags | 15 | ( 21.597.383 ) | ( 8.086.256 ) |
| Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga | 15 | ( 6.708.281 ) | ( 4.548.055 ) |
| Gengismunur og verðbætur langtímakrafna og skulda | | ( 55.437.579 ) | ( 54.275.531 ) |
| **Veltufé frá rekstri** | | 544.266.991 | 836.199.935 |
| Vörubirgðir, (hækkun) lækkun | 12 | ( 232.647.947 ) | 202.360.456 |
| Skammtímakröfur, (hækkun) | | ( 264.538.408 ) | ( 31.290.057 ) |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 244.903.963 | 32.632.680 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 291.984.599 | 1.039.903.014 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum | 8 | ( 1.385.553.966 ) | ( 503.427.992 ) |
| Sala (fjárfest) í eignarhlutum | | 32.946.775 | ( 446.306.110 ) |
| Seldir fastafjármunir | 8 | 27.683.701 | 43.371.065 |
| Skuldabréfaeign, verðbréfaeign og önnur lán, breyting | | ( 590.319.219 ) | 326.338.193 |
| | | ( 1.915.242.709 ) | ( 580.024.844 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Skammtímalán, hækkun (lækkun) | | 57.296.689 | ( 4.834.254 ) |
| Nýjar langtímaskuldir | 16 | 1.254.417.878 | 4.883.923 |
| Afborganir langtímaskulda | | ( 57.054.493 ) | ( 58.211.610 ) |
| Innborgað hlutafé | | 30.000.000 | 0 |
| Inntökugjöld | 15 | 24.000 | 10.000 |
| Tillag í stofnsjóð | 15 | 11.364.349 | 10.510.925 |
| Útborgun úr stofnsjóði | 15 | ( 90.574.303 ) | ( 88.460.367 ) |
| Greiddur arður | | 0 | ( 107.311.865 ) |
| | | 1.205.474.120 | ( 243.413.248 ) |
| (Lækkun) hækkun handbærs fjár | | ( 417.783.990 ) | 216.464.922 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 926.793.208 | 710.328.286 |
| **Handbært fé í lok árs** | | 509.009.218 | 926.793.208 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

MS svf. er samvinnufélag í eigu mjólkurframleiðenda á félagssvæði sínu. Félagið er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög.

Tilgangur félagsins skv. samþykktum er að taka á móti mjólk frá félagsmönnum, breyta henni í söluhæfa vöru, dreifa henni og selja fyrir sem best verð. Þá er félaginu heimilt að reka aðra starfsemi, sem gæti dregið úr rekstrarkostnaði félagsins og verið til hagræðis og styrktar fyrir félagið og félagsaðila.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur MS fyrir árið 2006 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra. Ársreikningurinn er samstæðureikningur MS og dótturfélaga þess en þau eru Emmessís hf., Remfló ehf., Samsöluvörur hf., Bitruháls ehf., Merkiland ehf. og Mjólkurbú Flóamanna ehf. í 100% eigu, Mjólkursamsalan ehf. í 62% eigu, Agrice ehf. í 66,5% eigu og Kostur ehf. í 80% eigu.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar jafnað út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og þegar eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Hlutdeild minnihluta í tapi dótturfélaga 6,7 milljónir króna er færð með öðrum tekjum í rekstrarreikningi og hlutdeild minnihluta í eigin fé er sérgreind í efnahagsreikningi.

Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð hærra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keyptra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

### Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa áhrif á stjórnun þeirra með því að taka þátt í ákvörðunartöku um fjármála- og rekstrarstefnu. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild í afkomu og eiginfjárstöðu hlutdeildarfélaga.

### Viðskiptavild

Viðskiptavild samstæðunnar er vegna mismunar á kaupverði dótturfélags og hlutdeildar í hreinni eign þess eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirðis á kaupdegi. Viðskiptavild er færð til eignar og afskrifuð með kerfisbundnum hætti.

### Áhættustjórnun

Stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Félagið er ekki með framvirka gjaldeyrisskiptasamninga, valréttar- né afleiðusamninga.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda. Vörusalan er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við höfuðstól og vaxtaprósentu.

## Skýringar (framhald)

### Leigusamningar

Félagið hefur gert fjármögnunarleigu- og rekstrarleigusamninga um bifreiðar og eru leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 18%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

### Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Fjárfestingarbréf og markaðsbréf eru metin á skráðu markaðsverði á uppgjörsdegi. Ef markaðsverð er ekki þekkt eru bréfin metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni. Verðbreytingar fjárfestingarverðbréfa og markaðsverðbréfa eru færðar meðal fjármunatekna í rekstrarreikningi.

Skuldabréf í eigu félagsins sem tilgreind eru sem langtímakröfur eru viðskiptabréf vegna rekstrar en ekki markaðs- eða fjárfestingarbréf.

### Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru eignfærðar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði hvort sem lægra reynist að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Rekstrarvörur og aðrar birgðir eru eignfærðar á kostnaðarverði. Framleiðslukostnaður inniheldur hráefni, launakostnað og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar. Dagverð samsvarar áætluðu söluverði að frádregnum kostnaði við sölu og dreifingu. Birgðabreyting afurða er færð meðal rekstrartekna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## Skýringar (framhald)

### 3. Launamál

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Laun | 1.473.292.613 | 1.316.213.801 |
| Launatengd gjöld | 333.146.497 | 368.693.798 |
| | 1.806.439.110 | 1.684.907.599 |
| Yfirfært á aðra liði | ( 120.185.636 ) | ( 126.729.494 ) |
| | 1.686.253.474 | 1.558.178.105 |
| Meðalfjöldi starfa | 390 | 386 |

### 4. Fjármunatekjur

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankareikningum og viðskiptakröfum | 79.390.495 | 61.650.166 |
| Vaxtatekjur og verðbætur af verðbréfaeign | 336.816.292 | 226.333.275 |
| Arður af hlutabréfaeign | 2.947.664 | 1.148.342 |
| | 419.154.451 | 289.131.783 |

### 5. Fjármagnsgjöld

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld af skammtímaskuldum | ( 8.027.154 ) | ( 5.017.054 ) |
| Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum | ( 33.302.699 ) | ( 22.487.756 ) |
| | ( 41.329.853 ) | ( 27.504.810 ) |

### 6. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 29 milljónum króna. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2007 nemur 46 milljónum króna.

| Útreikningur á virku skatthlutfalli: | 2006 | | 2005 | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | % | Fjárhæð | % |
| Hagnaður fyrir skatta | 209.876.704 | | 426.316.154 | |
| Skatthlutfall, 18% | 37.777.807 | 18,0% | 76.736.908 | 18,0% |
| Ónýtt skattalegt tap dótturfélaga | 5.421.349 | 2,6% | 0 | 0,0% |
| Vextir og framlag í stofnsjóð | ( 19.371.403 ) | ( 9,2% ) | ( 21.708.342 ) | ( 5,1% ) |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | 3.453.432 | 1,6% | ( 1.455.526 ) | ( 0,3% ) |
| Aðrir liðir | 1.871.036 | 0,9% | 2.216.845 | 0,5% |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi | 29.152.221 | 13,9% | 55.789.885 | 13,1% |

## 7. Önnur gjöld / aðrar tekjur

| | 2006 |
|---|---|
| Sérstakt framlag til Lífeyrissjóðs Mjólkursamsölunnar | ( 140.000.000 ) |
| Hlutdeild í söluhagnaði fasteignar og afkomu Osta- og smjörsölunnar sf. | 93.312.589 |
| Reiknaður tekjuskattur | 15.628.576 |
| | ( 31.058.835 ) |

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Fasteignir og lóðir | Verksmiðjuvélar og tæki | Bifreiðir og flutningstæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 5.642.300.522 | 4.783.926.693 | 705.708.564 | 11.131.935.779 |
| Eignfært á árinu | 1.159.568.653 | 163.878.845 | 62.106.468 | 1.385.553.966 |
| Selt og aflagt á árinu | 0 | ( 52.305.703 ) | ( 58.292.553 ) | ( 110.598.256 ) |
| Staða í árslok | 6.801.869.175 | 4.895.499.835 | 709.522.479 | 12.406.891.489 |
| **Afskriftir** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 3.601.042.412 | 3.720.865.591 | 463.984.557 | 7.785.892.560 |
| Afskrifað og aflagt á árinu | 187.462.936 | 242.505.794 | 62.958.893 | 492.927.623 |
| Selt á árinu | 0 | ( 52.143.015 ) | ( 44.238.351 ) | ( 96.381.366 ) |
| Staða í árslok | 3.788.505.348 | 3.911.228.370 | 482.705.099 | 8.182.438.817 |
| **Bókfært verð** | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 2.041.258.110 | 1.063.061.102 | 241.724.007 | 3.346.043.219 |
| Bókfært verð í árslok | 3.013.363.827 | 984.271.465 | 226.817.380 | 4.224.452.672 |
| Afskriftarhlutföll | 2–6% | 12–20% | 15–30% | |

| | |
|---|---|
| Afskriftir og aflagðar eignir nema alls | 492.927.623 |
| Afskrift viðskiptavildar | 9.297.182 |
| Yfirfært á aðra liði | ( 19.550.098 ) |
| Fært í rekstrarreikning sem afskrift | 482.674.707 |

### Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok:

| | Fasteignamat | Vátryggingamat |
|---|---|---|
| Fasteignir og lóðir | 5.206.334.000 | 6.754.003.008 |
| Vélar og tæki, eignartryggingar | | 6.581.450.997 |
| Rekstrarstöðvunartrygging | | 1.236.500.000 |

# Skýringar (framhald)

## 9. Viðskiptavild

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Bókfært verð í ársbyrjun | 9.297.182 | 12.231.392 |
| Eignfært á árinu | 0 | 4.486.848 |
| Afskrifað á árinu | ( 9.297.182 ) | ( 7.421.058) |
| Bókfært verð í árslok | 0 | 9.297.182 |

## 10. Eignarhlutar í félögum

| | Hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum: | | | |
| Norðurmjólk ehf | 48,00% | 213.126.027 | 484.678.839 |
| Hollt og gott ehf | 50,00% | 21.000.000 | 31.099.000 |
| Dreifill ehf | 25,00% | 1.000.000 | 1.494.819 |
| | | | 517.272.658 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum: | | | |
| Sameignarfélög með ótakmarkaða ábyrgð eigenda: | | | |
| Osta- og smjörsalan sf | 42,14% | 2.617.584 | 154.586.852 |
| Rannsóknarstofa mjólkuriðnaðarins sf | 65,77% | 5.502.111 | 8.979.935 |
| Klakahöllin sf | 100,00% | 200.000 | 200.000 |
| Hlutafélög og einkahlutafélög: | | | |
| Fóðurblandan hf | 15,22% | 182.000.000 | 182.000.000 |
| Húnakaup hf | 2,62% | 2.620.975 | 2.620.975 |
| Akrafóður hf | 22,50% | 900.000 | 900.000 |
| Vottunarstöðin Tún hf | 5,40% | 500.000 | 500.000 |
| Framvörður ehf | 3,12% | 450.000 | 450.000 |
| Matgæði ehf | 0,04% | 150.000 | 150.000 |
| Selasetur Íslands ehf | 1,50% | 50.000 | 50.000 |
| Norðurvegur ehf | 1,50% | 250.000 | 250.000 |
| Hellisheiðarvegur ehf | 5,00% | 500.000 | 500.000 |
| Samvinnuhlutabréf: | | | |
| Sláturfélag Suðurlands B-deild | 1,04% | 2.080.000 | 2.080.000 |
| Kaupfélag Árnesinga B-deild | | 4.100.000 | 820.000 |
| Annað: | | | |
| Stofnsjóður Samvinnutrygginga | | | 43.479 |
| | | | 354.131.241 |

## Skýringar (framhald)

## 11. Skuldabréfaeign

| | 31.12.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Verðtryggð bréf, vegnir vextir: 5,24% | 1.220.636.312 | 977.487.628 |
| Óverðtryggð bréf, vegnir vextir: 14,07% | 172.192.864 | 180.867.760 |
| | 1.392.829.176 | 1.158.355.388 |
| Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar | ( 293.947.655 ) | ( 239.765.653 ) |
| | 1.098.881.521 | 918.589.735 |

Afborganir skuldabréfaeignar:

| | |
|---|---|
| Afborganir 2007 | 293.947.655 |
| Afborganir 2008 | 245.270.134 |
| Afborganir 2009 | 212.125.668 |
| Afborganir 2010 | 188.245.318 |
| Afborganir 2011 | 170.006.333 |
| Afborganir síðar | 283.234.068 |
| | 1.392.829.176 |

## 12. Vörubirgðir

| | 31.12.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Rekstrarvörur, umbúðir og efnisvörur | 504.357.237 | 406.192.540 |
| Söluvörur | 478.697.392 | 344.214.142 |
| | 983.054.629 | 750.406.682 |

Vátryggingarmat birgða var 1.255.706.723 þann 1. janúar 2007.

## 13. Viðskiptakröfur

| | 31.12.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 842.473.078 | 749.895.050 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | ( 51.045.687 ) | ( 40.691.666 ) |
| | 791.427.391 | 709.203.384 |

## 14. Fjárfestingarverðbréf

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 944.636.222 | 1.009.485.471 |
| Viðbót á árinu | 670.489.335 | 0 |
| Útborgað á árinu | ( 136.181.501 ) | ( 205.077.937 ) |
| Verðbreytingar | 178.525.855 | 140.228.688 |
| Staða í árslok | 1.657.469.911 | 944.636.222 |

## 15. Eigið fé

| | Stofnsjóður | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Hlutdeild minnihluta | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|---|
| **2005** | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2005 . . . . . | 1.029.690.600 | 125.249.603 | 6.298.602.629 | 0 | 7.453.542.832 |
| Yfirfært vegna samruna. . . | | | 898.384 | | 898.384 |
| Tillag í stofnsjóð . . . . . . . | 10.510.925 | | | | 10.510.925 |
| Útborgun úr stofnsjóði. . . . | ( 88.460.367 ) | | | | ( 88.460.367 ) |
| Inntökugjöld . . . . . . . . . . | | | 10.000 | | 10.000 |
| Vextir af stofnsjóði . . . . . . | 71.732.867 | | ( 71.732.867 ) | | 0 |
| Framlag í stofnsjóð. . . . . . | 48.869.031 | | ( 48.869.031 ) | | 0 |
| Hagnaður ársins . . . . . . . | | | 370.526.269 | | 370.526.269 |
| Tillag í lögbundinn varasjóð | | 18.526.313 | ( 18.526.313 ) | | 0 |
| Eigið fé 31.12.2005 . . . | 1.072.343.056 | 143.775.916 | 6.530.909.071 | 0 | 7.747.028.043 |
| **2006** | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2006 . . . . . | 1.072.343.056 | 143.775.916 | 6.530.909.071 | 0 | 7.747.028.043 |
| Tillag í stofnsjóð . . . . . . . | 11.364.349 | | | | 11.364.349 |
| Útborgun úr stofnsjóði. . . . | ( 90.574.303 ) | | | | ( 90.574.303 ) |
| Inntökugjöld . . . . . . . . . . | | | 24.000 | | 24.000 |
| Vextir af stofnsjóði . . . . . . | 107.618.903 | | ( 107.618.903 ) | | 0 |
| Framlag í stofnsjóð. . . . . . | 1.500.000.000 | | ( 1.500.000.000 ) | | 0 |
| Hagnaður ársins . . . . . . . | | | 149.665.648 | ( 6.708.281 ) | 142.957.367 |
| Tillag í lögbundinn varasjóð | | 14.966.565 | ( 14.966.565 ) | | 0 |
| Innborgun minnihluta . . . . | | | | 29.619.182 | 29.619.182 |
| Eigið fé 31.12.2006 . . . | 2.600.752.005 | 158.742.481 | 5.058.013.251 | 22.910.901 | 7.840.418.638 |

## 16. Langtímaskuldir

| Skuldir við lánastofnanir | 31.12.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Skuldir í erlendri mynt. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 1.006.951.613 | 879.133 |
| Skuldir í ISK, verðtryggt. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 399.085.775 | 190.589.257 |
| | 1.406.037.388 | 191.468.390 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | ( 60.492.761 ) | ( 51.776.405 ) |
| Langtímaskuldir í árslok . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 1.345.544.627 | 139.691.985 |

| Afborganir af langtímaskuldum: | |
|---|---|
| Afborganir 2007 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 60.492.761 |
| Afborganir 2008 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 1.041.237.043 |
| Afborganir 2009 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 25.702.359 |
| Afborganir 2010 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 25.937.294 |
| Afborganir 2011 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 25.895.069 |
| Afborganir síðar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 226.772.862 |
| | 1.406.037.388 |

## 17. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna félagsins. Miðað við 3,5% vexti er núvirði lífeyrisskuldbindingarinnar 139 milljónir króna og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi. Hækkun skuldbindingarinnar á árinu, 4 milljónir króna, er færð til gjalda í rekstrarreikningi meðal launa og tengdra gjalda.

## 18. Frestaður skattur

| | 2006 |
|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 150.615.350 |
| Tekjuskattur vegna ársins 2006 | ( 28.047.973 ) |
| Staða í árslok | 122.567.377 |

| | |
|---|---|
| Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins: | 31.12.2006 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 154.838.526 |
| Eignarhlutar í félögum | 6.099.267 |
| Birgðir, viðskiptakröfur og skammtímaskuldir | ( 13.437.095 ) |
| Lífeyrisskuldbinding | ( 24.933.321 ) |
| | 122.567.377 |

## 19. Ábyrgðir og önnur mál

Á eignum félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess og námu eftirstöðvar þeirra 1.292 milljónum króna í árslok.

Í ársbyrjun 2007 yfirtók dótturfélagið Mjólkursamsalan ehf. framleiðslu, sölu og dreifingu móðurfélagsins MS svf.

## 20. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 2. mars 2007.

# Verðlaunahafar 2006

| Nafn | Heimili | Deild |
|---|---|---|
| Óskar Gunnlaugsson | Berufirði II | Austurlandsdeild |
| Helga Pálmarsdóttir | Vestri-Hellum | Gaulv.b., Vill.h. og Stokkseyrardeild |
| Gunnar Guttormsson | Marteinstungu | Holta, Landm., Ása og Djúpárdeild |
| Axel og Silja | Hólmum | Landeyjadeild |
| Vigfús Pétursson | Hægindi | Borgarfjarðardeild |
| Ásmundur Guðmundsson | Arkarlæk | Hvalfjarðardeild |
| Jóhann Elísson | Skerðingsstöðum | Breiðafjarðardeild |
| Margrét Guðbjartsdóttir | Miklagarði | Breiðafjarðardeild |
| Soffía Jónsdóttir | Efri Brunná | Breiðafjarðardeild |
| Gústaf Jökull Ólafsson | Miðjanesi | Breiðafjarðardeild |
| Loftur S. Guðjónsson | Ásbjarnarstöðum | V-Húnaþingsdeild |
| Pétur Sigurvaldason | Neðri-Torfustöðum | V-Húnaþingsdeild |
| Félagsbúið | Breiðalæk | Breiðafjarðardeild |
| Auðólfsstaðabúið | Auðólfsstöðum | A-Húnaþingsdeild |
| Pálmi Ingimarsson | Árholti | A-Húnaþingsdeild |
| Jens Jónsson | Brandaskarði | A-Húnaþingsdeild |

## Reglur um verðlaunaveitingu fyrir mjólk í 1. flokk A eru þessar:

Verðlaun fá þeir innleggjendur sem lögðu inn mjólk í 1. flokki A í öllum mánuðum ársins 2006. Mörk fyrir 1. flokk A eru þau að öll sýni mánaðarins séu undir 40 þús. í líftölu, margfeldismeðaltal mánaðarins á frumum sé undir 220 þús. og að engar lyfjaleifar finnist í mánuðinum.